# Staða og aðstæður foreldra sem ekki deila lögheimili með barni

Maí, 2023

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

**Lýsing á rannsókn**

| | |
|---|---|
| Unnið fyrir | Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og Velferðarvaktina |
| Markmið rannsóknar | Að meta stöðu og aðstæður foreldra sem deila ekki lögheimili með barni, með tilliti til fjárhags, líðanar, umgengni við barn og annarra þátta. |

**Útgáfa**

| | |
|---|---|
| Útgefandi | Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2023 |
| Skýrsluhöfundar | Ásdís Aðalbjörg Arnalds, PhD<br>Ari Klængur Jónsson, PhD |

# EFNISYFIRLIT

**EFNISYFIRLIT** ..... 3
**TÖFLUYFIRLIT** ..... 4
**MYNDAYFIRLIT** ..... 5
**SAMANTEKT** ..... 6
**INNGANGUR** ..... 7
**AÐFERÐ** ..... 8
ÚRTAK OG SVÖRUN KÖNNUNAR ..... 8
ÚRVINNSLA ..... 9
**NIÐURSTÖÐUR** ..... 10
BAKGRUNNUR FORELDRA SEM EKKI DEILA LÖGHEIMILI MEÐ BARNI ..... 10
BÖRN FORELDRA SEM EKKI DEILA LÖGHEIMILI MEÐ BARNI ..... 12
AÐSTÆÐUR Á HEIMILI ..... 28
FJÁRHAGSAÐSTÆÐUR FORELDRA SEM EKKI DEILA LÖGHEIMILI MEÐ BARNI ..... 35
OFBELDI OG MISMUNUN ..... 48
HEILSA OG LÍÐAN ..... 55
**NIÐURLAG** ..... 63
**HEIMILDIR** ..... 64

# TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1. SAMANBURÐUR Á DREIFINGU KYNS OG ALDURS Í ÚRTAKI OG MEÐAL SVARENDA ..... 9
TAFLA 2. KYN SVARENDA ..... 10
TAFLA 3. ALDUR SVARENDA ..... 10
TAFLA 4. BÚSETA SVARENDA ..... 10
TAFLA 5. HVER ER HJÚSKAPARSTAÐA ÞÍN? ..... 11
TAFLA 6. ÁTTU BARN MEÐ NÚVERANDI MAKA/ÞEIRRI MANNESKJU SEM ÞÚ ERT Í SAMBÚÐ MEÐ? ..... 11
TAFLA 7. HVERT ER HÆSTA MENNTUNARSTIG SEM ÞÚ HEFUR LOKIÐ? ..... 12
TAFLA 8. HVAÐ ÁTTU MÖRG NÚLIFANDI BÖRN YNGRI EN 18 ÁRA? ..... 12
TAFLA 9. HVERSU MARGAR BARNSMÆÐUR/MARGA BARNSFEÐUR ÁTTU? ..... 13
TAFLA 10. HVERT ER KYN BARNSINS? ..... 13
TAFLA 11. HVERNIG ER FORSJÁ BARNS OG BÚSETU ÞESS HÁTTAÐ? ..... 14
TAFLA 12. HVERNIG ER FORSJÁ BARNS OG BÚSETU ÞESS HÁTTAÐ? - BAKGRUNNSGREINING ..... 15
TAFLA 13. VARST ÞÚ OG MÓÐIR/FAÐIR BARNSINS EINHVERN TÍMANN Í SAMBANDI? ..... 16
TAFLA 14. HVERSU GAMALT VAR BARNIÐ ÞEGAR SLITNAÐI UPP ÚR SAMBANDI ÞÍNU OG BARNSMÓÐUR/BARNSFÖÐUR ÞESS? ..... 16
TAFLA 15. MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ NÚVERANDI SAMSKIPTI ÞÍN OG MÓÐUR/FÖÐUR BARNSINS VÆRU GÓÐ EÐA SLÆM AÐ JAFNAÐI? ..... 17
TAFLA 16. AÐ JAFNAÐI, HVERSU MARGA DAGA DVELUR BARNIÐ HJÁ ÞÉR AF HVERJUM 28 DÖGUM? ..... 17
TAFLA 17. AÐ JAFNAÐI, HVERSU MARGA DAGA DVELUR BARNIÐ HJÁ ÞÉR AF HVERJUM 28 DÖGUM? - BAKGRUNNSGREINING ..... 18
TAFLA 18. HVERS VEGNA DVELUR BARNIÐ EKKI OFTAR Á HEIMILI ÞÍNU? ..... 19
TAFLA 19. AÐSTÆÐUR LEYFA EKKI MEIRI UMGENGNI - BAKGRUNNSGREINING ..... 21
TAFLA 20. HITT FORELDRIÐ KEMUR Í VEG FYRIR UMGENGNI - BAKGRUNNSGREINING ..... 22
TAFLA 21. BARNIÐ VILL EKKI MEIRI UMGENGNI - BAKGRUNNSGREINING ..... 23
TAFLA 22. HVERS VEGNA DVELUR BARNIÐ EKKI OFTAR Á HEIMILI HINS FORELDRISINS? ..... 24
TAFLA 23. AÐ ÖÐRU ÓBREYTTU, HVERSU MARGA DAGA AÐ JAFNAÐI MYNDI BARNIÐ DVELJA Á ÞÍNU HEIMILI AF HVERJUM 28 DÖGUM EF ÞÚ RÉÐIR FYRIRKOMULAGINU AÐ ÖLLU LEYTI SJÁLF(UR)? ..... 24
TAFLA 24. AÐ FRÁTÖLDUM MEÐLAGSGREIÐSLUM, HVERNIG ER FRAMFÆRSLU BARNSINS SINNT? ..... 25
TAFLA 25. HVERNIG ER FRAMFÆRSLU BARNSINS SINNT? - BAKGRUNNSGREINING ..... 26
TAFLA 26. HVERSU MÖRG NÚLIFANDI BÖRN YNGRI EN 18 ÁRA Á MAKI ÞINN AF FYRRA/FYRRI SAMBÖNDUM? ..... 27
TAFLA 27. HEILT YFIR, HVERSU STYÐJANDI EÐA LETJANDI MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ MAKI ÞINN VÆRI ÞEGAR KEMUR AÐ TENGSLUM ÞÍNUM VIÐ BARNIÐ/BÖRNIN ÞÍN AF FYRRA SAMBANDI? ..... 27
TAFLA 28. HVERSU MARGIR BÚA Á HEIMILI ÞÍNU AÐ ÞÉR MEÐTÖLDUM/MEÐTALINNI? ..... 28
TAFLA 29. HVERSU MÖRG BÖRN, YNGRI EN 18 ÁRA, BÚA Á HEIMILI ÞÍNU? ..... 28
TAFLA 30. BÝRÐ ÞÚ Í EIGIN HÚSNÆÐI, Í LEIGUHÚSNÆÐI, Í FORELDRAHÚSUM, HJÁ ÆTTINGJUM EÐA BÝRÐ ÞÚ Í ANNARS KONAR HÚSNÆÐI? ..... 29
TAFLA 31. BÝRÐ ÞÚ Í EIGIN HÚSNÆÐI, Í LEIGUHÚSNÆÐI EÐA VIÐ ANNARS KONAR BÚSETUFYRIRKOMULAG? - BAKGRUNNSGREINING ..... 31
TAFLA 32. HVAÐ AF EFTIRTÖLDU LÝSIR BEST ÞVÍ HÚSNÆÐI SEM ÞÚ BÝRÐ Í? ..... 32
TAFLA 33. UM ÞAÐ BIL HVERSU STÓRT ER ÍBÚÐARHÚSNÆÐIÐ Í FERMETRUM? ..... 32
TAFLA 34. HVERSU MÖRG SVEFNHERBERGI ERU Í HÚSNÆÐINU? ..... 33
TAFLA 35. AÐ JAFNAÐI, HVER ER MÁNAÐARLEGUR HÚSNÆÐISKOSTNAÐUR ÞINN EÐA FJÖLSKYLDUNNAR (EF VIÐ Á)? ..... 33
TAFLA 36. FÆRÐ ÞÚ OG/EÐA MAKI ÞINN (EF VIÐ Á) GREIDDAR HÚSNÆÐIS EÐA VAXTABÆTUR? ..... 34
TAFLA 37. FÆRÐ ÞÚ OG/EÐA MAKI ÞINN (EF VIÐ Á) GREIDDAR BARNABÆTUR? EF SVO ER, MEÐ HVE MÖRGUM BÖRNUM? ..... 34
TAFLA 38. EINS OG STAÐAN ER Í DAG, HEFÐIR ÞÚ OG MAKI ÞINN (EF VIÐ Á) EFNI Á AÐ FARA ÁRLEGA Í VIKULANGT FRÍ INNANLANDS MEÐ BARNI/BÖRNUM FJARRI HEIMILINU? ..... 35
TAFLA 39. EINS OG STAÐAN ER Í DAG, HEFÐIR ÞÚ OG MAKI ÞINN (EF VIÐ Á) EFNI Á AÐ FARA ÁRLEGA Í VIKULANGT FERÐALAG MEÐ BARNI/BÖRNUM TIL ÚTLANDA? ..... 35
TAFLA 40. FÆRÐ ÞÚ REGLULEGA GREITT MEÐLAG MEÐ BARNI EÐA BÖRNUM YNGRI EN 18 ÁRA? ..... 35
TAFLA 41. FÆRÐ ÞÚ EÐA MAKI ÞINN REGLULEGA GREITT MEÐLAG MEÐ BARNI EÐA BÖRNUM YNGRI EN 18 ÁRA? ..... 36
TAFLA 42. MEÐ HVERSU MÖRGUM BÖRNUM FÆRÐ ÞÚ OG/EÐA MAKI ÞINN (EF VIÐ Á) MEÐLAGSGREIÐSLUR? ..... 36
TAFLA 43. GREIÐIR ÞÚ REGLULEGA MEÐLAG MEÐ BARNI EÐA BÖRNUM YNGRI EN 18 ÁRA? ..... 37

TAFLA 44. GREIÐIR ÞÚ REGLULEGA MEÐLAG MEÐ BARNI EÐA BÖRNUM YNGRI EN 18 ÁRA? ............ 38
TAFLA 45. GREIÐIR ÞÚ EÐA MAKI ÞINN REGLULEGA MEÐLAG MEÐ BARNI EÐA BÖRNUM YNGRI EN 18 ÁRA? ..... 39
TAFLA 46. MEÐ HVERSU MÖRGUM BÖRNUM GREIÐIR ÞÚ OG / EÐA MAKI ÞINN (EF VIÐ Á) MEÐLAG? ........ 39
TAFLA 47. ERT ÞÚ MEÐ GJALDFALLNAR KRÖFUR VEGNA MEÐLAGSGREIÐSLNA HJÁ INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA? ........ 39
TAFLA 48. ERT ÞÚ MEÐ GJALDFALLNAR KRÖFUR VEGNA MEÐLAGSGREIÐSLNA HJÁ INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA? – BAKGRUNNSGREINING ........ 41
TAFLA 49. HVERSU AUÐVELT EÐA ERFITT HEFUR ÞAÐ VERIÐ FYRIR ÞIG OG FJÖLSKYLDU ÞÍNA (EF VIÐ Á) AÐ NÁ ENDUM SAMAN FJÁRHAGSLEGA UNDANFARNA 12 MÁNUÐI? ........ 42
TAFLA 50. HVERSU VEL EÐA ILLA FJÁRHAGSLEGA STÆÐ TELUR ÞÚ AÐ FJÖLSKYLDA ÞÍN SÉ MIÐAÐ VIÐ AÐRAR FJÖLSKYLDUR Á ÍSLANDI? ........ 43
TAFLA 51. HVERSU MIKLAR EÐA LITLAR ÁHYGGJUR HEFUR ÞÚ AF FJÁRHAGSSTÖÐU ÞINNI? ........ 43
TAFLA 52. TELUR ÞÚ AÐ FJÁRHAGUR ÞINN AUKI EÐA DRAGI ÚR GÆÐUM SAMVERUTÍMA ÞÍNS OG BARNS/BARNA ÞINNA SEM DEILA EKKI MEÐ ÞÉR LÖGHEIMILI? ........ 44
TAFLA 53. TELUR ÞÚ AÐ FJÁRHAGUR ÞINN AUKI EÐA DRAGI ÚR GÆÐUM SAMVERUTÍMA ÞÍNS OG BARNS/BARNA ÞINNA SEM DEILA EKKI MEÐ ÞÉR LÖGHEIMILI? ........ 45
TAFLA 54. HVAÐAN KEMUR STÆRSTI HLUTI ÞINNA TEKNA? ........ 46
TAFLA 55. HVERJAR ERU HEILDARTEKJUR ÞÍNAR AÐ JAFNAÐI Á MÁNUÐI FYRIR SKATT? ........ 47
TAFLA 56. HEFUR ÞÚ UPPLIFAÐ MISMUNUN VEGNA ÞESS AÐ BARN ÞITT/BÖRNIN ÞÍN ERU EKKI MEÐ LÖGHEIMILI HJÁ ÞÉR? ........ 48
TAFLA 57. HEFUR ÞÚ UPPLIFAÐ MISMUNUN VEGNA ÞESS AÐ BARN ÞITT/BÖRNIN ÞÍN ERU EKKI MEÐ LÖGHEIMILI HJÁ ÞÉR? - BAKGRUNNSGREINING ........ 49
TAFLA 58. HVERNIG MYNDIR ÞÚ LÝSA MISMUNUNINNI? ........ 50
TAFLA 59. HEFUR ÞÚ ORÐIÐ FYRIR ANDLEGU EÐA LÍKAMLEGU OFBELDI AF HÁLFU MÓÐUR/FÖÐUR BARNS ÞÍNS ÚR FYRRA SAMBANDI EFTIR AÐ ÞIÐ SLITUÐ SAMVISTUM? ........ 51
TAFLA 60. HEFUR ÞÚ ORÐIÐ FYRIR ANDLEGU EÐA LÍKAMLEGU OFBELDI AF HÁLFU MÓÐUR/FÖÐUR BARNS ÞÍNS ÚR FYRRA SAMBANDI EFTIR AÐ ÞIÐ SLITUÐ SAMVISTUM? - BAKGRUNNSGREINING ........ 52
TAFLA 61. HEFUR FORELDRI BARNS ÚR FYRRA SAMBANDI STAÐIÐ Í VEGI FYRIR ÞVÍ AÐ ÞÚ GETIR UMGENGIST BARN ÞITT? ........ 53
TAFLA 62. HEFUR FORELDRI BARNS ÚR FYRRA SAMBANDI STAÐIÐ Í VEGI FYRIR ÞVÍ AÐ ÞÚ GETIR UMGENGIST BARN ÞITT? – BAKGRUNNSGREINING ........ 54
TAFLA 63. HVERSU LENGI HEFUR TÁLMUN Á UMGENGNI STAÐIÐ YFIR? ........ 55
TAFLA 64. GLÍMIR ÞÚ VIÐ EINHVER LANGVARANDI VEIKINDI EÐA ÖNNUR HEILSUFARSLEG VANDAMÁL SEM HAFA ÁHRIF Á DAGLEGT LÍF ÞITT? ........ 55
TAFLA 65. HVERNIG METUR ÞÚ ALMENNT ANDLEGA HEILSU ÞÍNA? ........ 56
TAFLA 66. HVERNIG METUR ÞÚ ALMENNT ANDLEGA HEILSU ÞÍNA? – BAKGRUNNSGREINING ........ 58
TAFLA 67. HVERNIG METUR ÞÚ ALMENNT LÍKAMLEGA HEILSU ÞÍNA? ........ 59
TAFLA 68. HVERNIG METUR ÞÚ ALMENNT LÍKAMLEGA HEILSU ÞÍNA? – BAKGRUNNSGREINING ........ 60
TAFLA 69. ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, HVERSU HAMINGJUSAMA(N) TELUR ÞÚ ÞIG VERA? ........ 61
TAFLA 68. ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, HVERSU HAMINGJUSAMA(N) TELUR ÞÚ ÞIG VERA? - BAKGRUNNSGREINING ........ 62

# MYNDAYFIRLIT

MYND 1. SAMANBURÐUR Á HÚSNÆÐISAÐSTÆÐUM FORELDRA SEM EKKI DEILA LÖGHEIMILI MEÐ BARNI OG FULLORÐINNA Á ÍSLANDI, ALMENNT ........ 29
MYND 2. SAMANBURÐUR Á FJÁRHAGSERFIÐLEIKUM FORELDRA SEM EKKI DEILA LÖGHEIMILI MEÐ BARNI OG FULLORÐINNA Á ÍSLANDI, ALMENNT ........ 42
MYND 3. SAMANBURÐUR MÁNAÐARLEGUM HEILDARTEKJUM FORELDRA SEM EKKI DEILA LÖGHEIMILI MEÐ BARNI OG FULLORÐINNA Á ÍSLANDI, ALMENNT ........ 47
MYND 4. SAMANBURÐUR Á ANDLEGRI HEILSU FORELDRA SEM EKKI DEILA LÖGHEIMILI MEÐ BARNI OG FULLORÐINNA Á ÍSLANDI, ALMENNT ........ 57
MYND 5. SAMANBURÐUR Á LÍKAMLEGRI HEILSU FORELDRA SEM EKKI DEILA LÖGHEIMILI MEÐ BARNI OG FULLORÐINNA Á ÍSLANDI, ALMENNT ........ 59

# SAMANTEKT

Rannsóknin náði til tilviljunarúrtaks foreldra sem ekki deila lögheimili með barni og var henni ætlað að kortleggja og meta aðstæður foreldra með tilliti til fjárhags, líðanar, umgengni við barn og fleiri þátta. Þetta er hópur sem lítið hefur verið rannakaður á Íslandi fram til þessa.

Sumir þátttakendur voru í sambúð eða hjónabandi og áttu börn með maka sínum en allir áttu það sameiginlegt að eiga a.m.k. eitt barn sem þeir deildu ekki lögheimili með. Í könnuninni var spurt ýmissa spurninga um aðstæður barna þeirra. Helstu niðurstöður sýndu að langflest börn, sem svarendur áttu áður en stofnað var til núverandi sambands, voru í sameiginlegri forsjá en langoftast var lögheimili barnsins hjá hinu foreldrinu sem í flestum tilvikum var móðir. Ef barnið var fimm ára eða yngra var hitt foreldrið líklegra til að fara með fulla forsjá en ef um eldra barn var að ræða. Algengast var að börnin dveldu jafnt á báðum heimilum (41%) en þó var töluvert stór hópur barna sem dvaldi innan við sjö daga í mánuði hjá svaranda könnunarinnar (30%). Í ljós kom að aðstæðubundnir þættir voru algengasta ástæða þess að börn dvöldu ekki oftar en sjö daga í mánuði á heimili svarenda en þó nefndi stór hópur að hitt foreldrið kæmi í veg fyrir umgengni. Yngstu svarendurnir, þ.e. þeir sem voru undir 35 ára, voru líklegri til að nefna aðstöðuleysi en eldri svarendur. Einnig voru svarendur sem bjuggu í leiguhúsnæði mun líklegri til að segja að aðstæður leyfðu ekki meiri umgengni en þeir sem bjuggu í eigin húsnæði. Algengara var að svarendur segðu hitt foreldrið koma í veg fyrir að barn þeirra dveldi meira en sjö daga í mánuði á heimilinu ef börnin voru 5 ára eða yngri en ef um eldri börn var að ræða.

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu marga daga þeir myndu vilja að barnið dveldi hjá sér. Athygli vakti að hlutfallslega fleiri vildu að barnið dveldi jafnt á báðum heimilum en var raunin.

Könnunin hafði að geyma margar spurningar um aðstæður á heimili svarenda og fjárhag. Í heild sýndu niðurstöður að mikill breytileiki var innan hóps foreldra sem ekki deila lögheimili með barni sínu hvað varðar húsnæðisaðstæður og fjárhag. Töluverður munur reyndist þó vera á aðstæðum milli hópa. Til dæmis jukust líkur á að foreldrar væru í vanskilum með meðlagsgreiðslur eftir því sem þeir áttu fleiri börn sem þeir greiddu meðlag með. Sömuleiðis voru meiri líkur á að foreldrar væru með gjaldfallnar kröfur vegna meðlagsgreiðslna ef barn þeirra dvaldi fáa daga í mánuði á heimilinu.

Loks hafði könnunin að geyma spurningar um heilsu og líðan. Flestir mátu andlega og líkamlega heilsu sína góða en þó var algengara að svarendur mætu andlega heilsu bága en fullorðnir á Íslandi sem tóku þátt í rannsókn um stöðu fólks á íslenskum vinnumarkaði árið 2022. Dvöl barns á heimili tengdist andlegri heilsu og lífshamingju. Foreldrar sem kváðu a.m.k. eitt barna sinna dvelja innan við sjö daga í mánuði á heimili þeirra bjuggu almennt við lakari andlega heilsu en þeir sem sögðu dvöl barnsins eða barnanna vera lengri.

# INNGANGUR

Skýrslan var unnin að beiðni félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og Velferðarvaktarinnar. Lítið er vitað um stöðu foreldra sem ekki deila lögheimili með börnum sínum en gera má ráð fyrir að um stóran og fjölbreyttan hóp sé að ræða. Fjöldi lögskilnaða á ári var að jafnaði 635 á tímabilinu 2010 – 2020, alls 6.982, og uppsafnað skilnaðarhlutfall[1] var 40% árið 2020 (Hagstofa Íslands, 2023). Er þá ótalinn fjöldi sambúðarslita. Í upphafi árs 2022 bjuggu 10.838 einstæðar konur með börnum og 1.566 karlar. Samtals 30.687 einstaklingar (börn meðtalin) bjuggu í þess konar kjarnafjölskyldu (sama heimild). Fjöldi þeirra sem hafa stofnað til nýrrar sambúðar eða gengið aftur í hjónaband liggur ekki fyrir og er þannig ekki inni í þessum tölum.

Heimilisgerð hefur sterk tengsl við fjárhag fjölskyldna og tölur Hagstofu Íslands sýna að börn einstæðra foreldra eru mun líklegri til alast upp í fátækt en önnur börn. U.þ.b. 23% barna einstæðra foreldra bjuggu á heimilum undir lágekjumörkum árið 2021, samanborið við 13% barna sem bjuggu á heimilum með tveimur fullorðnum (Hagstofa Íslands, 2022). Tölur frá 2019 yfir fjárhag einstæðra foreldra eru enn alvarlegri en þá voru tæplega 38% einstæðra foreldra undir lágtekjumörkum (Hagstofa Íslands, 2021). Einnig eru heimili einstæðra foreldra líklegust til þess að vera á leigumarkaði en fjárhagsstaða þeirra sem búa í leiguhúsnæði er að jafnaði verri en þeirra sem búa í eigin húsnæði (Hagstofa Íslands, 2021). Leiða má líkum að því að foreldrar sem deila ekki lögheimili með barni sínu séu hluti af þessum tölum en sértækar upplýsingar um þann hóp liggja ekki fyrir.

Stærstur hluti barna sem deilir ekki lögheimili með báðum foreldrum sínum er í sameiginlegri forsjá og býr a.m.k. að hluta til hjá báðum foreldrum þó að útfærslan geti verið mismunandi. Opinberar tölur Hagstofu Íslands ná aðeins til 2011 en þá var hlutfall barna í sameiginlegri forsjá 90% í kjölfar lögskilnaða og sambúðarslita (Hagstofa Íslands, 2023). Lögum samkvæmt greiðir það foreldri sem deilir ekki lögheimili með barni sínu meðlag (þó geta verið undantekningar þar á) og það á ekki rétt á sértækum greiðslum eins og barnabótum. Í ljósi þessa má ætla að fjárhagsstaða foreldra sem ekki deila lögheimili með barni geti verið enn verri en einstæðra lögheimilisforeldra[2]. Könnuninni, sem framkvæmd var í janúar og febrúar 2023, er ætlað að fanga fjölbreytileika þessa hóps. Markmið hennar er að kanna aðstæður foreldra sem deila ekki lögheimili með barni sínu ásamt því að greina mögulega áhættuþætti fyrir heilsu og líðan foreldra.

[1] Uppsafnað skilnaðarhlutfall vísar í líkurnar á því að giftur einstaklingur skilji ef miðað er við hlutfall og lengd hjónabanda sem enda með skilnaði árlega (Hagstofa Íslands, 2023).
[2] Sjá t.d. bakkalár ritgerð Heimis Hilmarssonar (2012).

Uppbygging skýrslunnar er á þá leið að fyrst er aðferðafræði könnunarinnar, þ.m.t. úrtaki og úrvinnslu, gerð skil. Í framhaldinu er fjallað um niðurstöður könnunarinnar í töflum, myndum og texta. Niðurstöðukafla er skipt upp í sex smærri kafla. Fyrst er fjallað um bakgrunn foreldra, þ.e. kyn, aldur og búsetu. Í kjölfarið er fjallað um börn þeirra og þær aðstæður sem þau búa við. Þá koma kaflar um húsnæðis- og fjárhagsaðstæður og loks er fjallað um reynslu þátttakenda af ofbeldi og mismunun og heilsu þeirra og líðan.

# AÐFERÐ

Eins og áður sagði náði rannsóknin til foreldra sem deila ekki lögheimili með barni eða börnum sínum. Notast var við megindlega aðferðafræði og var spurningakönnun lögð fyrir slembiúrtak af landinu öllu, alls 2.133 manns. Spurningalistinn var unninn í samstarfi rannsakenda hjá Háskóla Íslands, starfsfólks Velferðarvaktarinnar, sérfræðinga hjá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og fulltrúa Foreldrajafnréttis.

## Úrtak og svörun könnunar

Þjóðskrá Íslands vann tilviljunar úrtaksmengi 2.300 barna af landinu öllu sem deila ekki lögheimili með báðum foreldrum sínum. Forsendur úrtaksins voru að börnin væru yngri en 18 ára og væru búsett á Íslandi ásamt báðum foreldrum sínum. Þar sem nokkur börn í úrtakinu áttu sama foreldri komu þau oftar en einu sinni fyrir í úrtakslistanum. Eftir að tekið hafði verið tillit til þess konar tvítekninga stóðu eftir 2.133 foreldrar sem fengu sent kynningarbréf. Endursend bréf voru 223. Alls fengu þannig 1.910 bréfpóst. Í kynningarbréfi var markmiði og framkvæmd rannsóknarinnar lýst og útskýrt hvernig hægt væri að svara könnuninni á netinu með persónulegum aðgangskóða. Á þessu fyrsta stigi gagnaöflunar svöruðu 283 að hluta til eða spurningalistanum í heild sinni. Í kjölfarið hringdu spyrlar á vegum Félagsvísindastofnunar HÍ í foreldra sem voru með skráð símanúmer, en voru ekki búnir að svara könnuninni, og buðu þeim að svara í síma eða gefa upp netfang sitt og fá slóð að könnuninni senda í tölvupósti. Það náðist í 1.132 foreldra í síma. Af þeim þáðu 212 boð um að svara í síma og 578 vildu fá slóð á spurningalistann sendan í tölvupósti. Af þeim sem óskuðu eftir að fá könnunina senda á netfang sitt svöruðu 283 spurningalistanum. Í heildina voru 52 hvorki með skráð símanúmer né rétt heimilsfang og fengu þeir því ekki boð um þátttöku. Endanlegt úrtak, samanstóð því af 2.081 foreldrum. Í heild svöruðu 776 foreldrar könnuninni og var heildarsvarhlutfall því 37%. Gagnaöflun fór fram í janúar og febrúar 2023. Tafla 1 birtir svarhlutfall eftir kyni og aldri.

**Tafla 1. Samanburður á dreifingu kyns og aldurs í úrtaki og meðal svarenda**

| | Fjöldi í úrtaki | Hlutfall úrtaks | Fjöldi svarenda | Hlutfall svarenda | Svarhlutfall (brúttó) |
|---|---|---|---|---|---|
| *Kyn* | | | | | |
| Karl | 1801 | 84% | 646 | 83% | 36% |
| Kona | 332 | 16% | 130 | 17% | 39% |
| *Aldur ** | | | | | |
| Yngri en 35 ára | 379 | 18% | 105 | 14% | 28% |
| 35 til 39 ára | 434 | 20% | 132 | 17% | 30% |
| 40 til 44 ára | 578 | 27% | 229 | 30% | 40% |
| 45 ára eða eldri | 742 | 35% | 310 | 40% | 42% |

Marktækur munur er á dreifingu í úrtaki og meðal svarenda, *p < 0,05

Eins og sjá má í töflu 1, endurspegar svarendahópurinn úrtakið vel hvað varðar hlutfall karla og kvenna, en yngsti aldurshópurinn tók síður þátt í könnuninni en hinir eldri.

# Úrvinnsla

Í niðurstöðukafla er að finna dreifingu svara við spurningum könnunarinnar. Auk þess er sums staðar að finna ítarlegar töflur þar sem svör eru greind eftir ýmsum bakgrunnsþáttum. Í töflum og myndum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og því er ólíkur fjöldi svara á bak við hverja töflu og mynd þar sem sumir þátttakendur völdu að svara ekki einstaka spurningum. Þá ber að hafa í huga að í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar.

Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p$<0,05). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal allra foreldra sem ekki deila lögheimili með barni. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p$<0,01) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýðinu ($p$<0,001). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn.

# NIÐURSTÖÐUR

Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar. Fyrst er fjallað um bakgrunn svarenda, svo um börn þeirra og aðstæður barnanna og þar á eftir er fjallað um húsnæðisstöðu og fjárhagsaðstæður svarenda. Þá er að finna kafla um ofbeldi og mismunun og loks er fjallað um heilsu svarenda og líðan.

## Bakgrunnur foreldra sem ekki deila lögheimili með barni

Upplýsingar um kyn, aldur og búsetu svarenda fengust með úrtakinu úr Þjóðskrá. Tafla 2 sýnir að karlar voru í miklum meirihluta foreldra sem ekki deila lögheimili með barni sínu eða börnum. Töluverð aldursdreifing var meðal svarenda. Yngsti þátttakandinn var 23 ára og sá elsti 74 ára. Hlutfallslega flestir voru á aldrinum 40 til 44 ára (30%) (sjá töflu 3). Tveir af hverjum þremur svarendum voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 4).

**Tafla 2. Kyn svarenda**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Karl | 646 | 83% | 83% |
| Kona | 130 | 17% | 17% |
| **Alls** | **776** | **100%** | |

**Tafla 3. Aldur svarenda**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Yngri en 30 ára | 25 | 3% | 3% |
| 30 til 34 ára | 80 | 10% | 10% |
| 35 til 39 ára | 132 | 17% | 17% |
| 40 til 44 ára | 229 | 30% | 30% |
| 45 til 49 ára | 175 | 23% | 23% |
| 50 til 54 ára | 96 | 12% | 12% |
| 55 ára eða eldri | 39 | 5% | 5% |
| **Alls** | **776** | **100%** | |

**Tafla 4. Búseta svarenda**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæði | 505 | 65% | 65% |
| Landsbyggðir | 271 | 35% | 35% |
| **Alls** | **776** | **100%** | |

Þátttakendur voru spurðir hver væri núverandi hjúskaparstaða þeirra. Eins og sjá má í töflu 5, var rétt innan við helmingur (47%) í hjónabandi eða sambúð.

**Tafla 5. Hver er hjúskaparstaða þín?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Ég er í hjónabandi | 139 | 18% | 18% |
| Ég er í sambúð | 223 | 29% | 29% |
| Ég er í föstu sambandi en bý ekki með viðkomandi | 101 | 13% | 13% |
| Ég er einhleyp(ur) | 304 | 40% | 40% |
| **Fjöldi svara** | **767** | **100%** | |
| Vil ekki svara | 9 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tæplega helmingur átti barn með núverandi maka eða sambúðaraðila (sjá töflu 6).

**Tafla 6. Áttu barn með núverandi maka/þeirri manneskju sem þú ert í sambúð með?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 173 | 48% | 48% |
| Nei | 186 | 52% | 52% |
| **Fjöldi svara** | **359** | **100%** | |
| Á ekki við | 405 | | |
| Veit ekki / vil ekki svara | 12 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tæplega helmingur svarenda hafði lokið námi á háskólastigi og fjórðungur hafði lokið starfs- eða iðnnámi. Alls höfuð 17% svarenda ekki sótt sér frekari menntunar að grunnskólanámi loknu (sjá töflu 7).

**Tafla 7. Hvert er hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Grunnskólanám eða minna | 122 | 17% | 17% |
| Starfs- eða iðnám | 174 | 24% | 24% |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 79 | 11% | 11% |
| Grunnnám á háskólastigi | 188 | 26% | 26% |
| Framhaldssnám í háskóla | 144 | 20% | 20% |
| Önnur menntun | 4 | 1% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **711** | **99%** | |
| Vil ekki svara | 65 | | |
| **Alls** | **776** | | |

# Börn foreldra sem ekki deila lögheimili með barni

Tafla 8 sýnir að algengast var að svarendur ættu tvö börn (43%). Ríflega fjórðungur átti eitt barn og sömuleiðis átti nokkuð stór hópur þrjú börn (23%).

**Tafla 8. Hvað áttu mörg núlifandi börn yngri en 18 ára?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Eitt barn | 208 | 27% | 27% |
| Tvö börn | 330 | 43% | 43% |
| Þrjú börn | 179 | 23% | 23% |
| Fjögur börn | 50 | 6% | 6% |
| Fimm börn eða fleiri | 9 | 1% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **776** | **100%** | |
| Vil ekki svara | 0 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tveir af hverjum þremur áttu eina barnsmóður eða barnsföður en 31% átti barn með tveimur einstaklingum (sjá töflu 9).

**Tafla 9. Hversu margar barnsmæður/marga barnsfeður áttu?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Eina / einn | 514 | 67% | 67% |
| Tvær / tvo | 240 | 31% | 31% |
| Þrjár / þrjá | 16 | 2% | 2% |
| Fjórar / fjóra | 2 | 0% | 0% |
| Fimm eða fleiri | 0 | 0% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **772** | **100%** | |
| Vil ekki svara | 4 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tafla 10 sýnir tíðnidreifingu kyns fyrir hvert barn. Heildarfjöldi barna var 1.608 og af þeim voru 52% strákar og 48% stelpur.

**Tafla 10. Hvert er kyn barnsins?**

| | Fyrsta barn | Annað barn | Þriðja barn | Fjórða barn | Fimmta barn | Börn alls | Hlutfall barna | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Strákur | 389 | 296 | 113 | 30 | 4 | 832 | 52% | 52% |
| Stelpa | 367 | 257 | 118 | 24 | 3 | 769 | 48% | 48% |
| Kynsegin / annað | 6 | 1 | 0 | 0 | 0 | 7 | 0% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **762** | **554** | **231** | **54** | **7** | **1608** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 14 | 222 | 545 | 722 | 769 | | | |
| **Alls** | **776** | **776** | **776** | **776** | **776** | | | |

Tafla 11 sýnir að í 15% tilvika bjuggu foreldrar barnsins saman og fóru saman með forsjá. Hér er því um að ræða börn sem svarendur áttu með núverandi maka. Langflest börn sem svarendur áttu áður en stofnað var til núverandi sambands voru í sameiginlegri forsjá og langoftast var lögheimili barnsins hjá hinu foreldrinu. Einungis 4% barnanna voru í fullri forsjá hins foreldrisins en hafa verður í huga að árið 2006 var sameiginleg forsjá gerð að meginreglu við skilnað eða sambúðarslit.

### Tafla 11. Hvernig er forsjá barns og búsetu þess háttað?

| | Fyrsta barn | Annað barn | Þriðja barn | Fjórða barn | Fimmta barn | Börn alls | Hlutfall barna | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Foreldrar búa saman og fara saman með forsjá barns | 80 | 84 | 60 | 16 | 3 | 243 | 15% | 15% |
| Skipt búseta skv. lögum. Barn er með lögheimili hjá mér | 6 | 7 | 2 | 0 | 0 | 15 | 1% | 1% |
| Skipt búseta skv. lögum. Barn er með lögh. hjá hinu for. | 35 | 22 | 6 | 2 | 0 | 65 | 4% | 4% |
| Sameiginleg forsjá. Barnið er með lögheimili hjá mér | 45 | 51 | 21 | 7 | 0 | 124 | 8% | 8% |
| Sameiginleg forsjá. Barnið er með lögh. hjá hinu foreldri | 526 | 349 | 125 | 26 | 4 | 1030 | 65% | 65% |
| Ég er með fulla forsjá barns | 3 | 3 | 2 | 0 | 0 | 8 | 1% | 1% |
| Hitt foreldrið er með fulla forsjá barns | 30 | 20 | 7 | 1 | 0 | 58 | 4% | 4% |
| Annað fyrirkomulag | 27 | 11 | 6 | 1 | 0 | 45 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **752** | **547** | **229** | **53** | **7** | **1588** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 24 | 229 | 547 | 723 | 769 | | | |
| **Alls** | **776** | **776** | **776** | **776** | **776** | | | |

Svör við spurningu um búsetu og forsjá barnanna voru greind eftir kyni, aldri og búsetu svarenda, aldri barns og hvort foreldrar bjuggu saman við fæðingu, menntun svarenda, húsnæðisaðstæðum og tekjum. Greiningin nær ekki til barna foreldra sem bjuggu saman og fóru saman með forsjá. Í ljós kom að lögheimilið var sjaldnar hjá körlum en konum og átti það einnig við þegar um sameiginlega forsjá var að ræða. Í tilfelli 89% karlkyns svarenda fóru foreldrar sameiginlega með forsjá barns en lögheimilið var hjá móður barnsins. Einnig kom fram munur á dreifingu svara eftir búsetu, þar sem lögheimilið var líklegra til að vera skráð hjá svaranda ef svarandi var búsettur á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Ef barnið var fimm ára eða yngra var hitt foreldrið líklegra til að fara með fulla forsjá en ef um eldra barn var að ræða. Þá kom í ljós að í 22% tilvika var hitt foreldrið með fulla forsjá ef foreldrar höfðu ekki búið saman við fæðingu barns. Einnig kom fram munur eftir menntun og húsnæðisaðstæðum, þar sem svarendur með lágt menntunarstig og sem bjuggu í leiguhúsnæði voru líklegastir til að segja hitt foreldrið fara með fulla forsjá. Loks kom í ljós að svarendur með yfir 1,1 milljón króna í mánaðartekjur voru ólíklegri til að segja lögheimili barnsins vera hjá sér en í tilfelli tekjuminni svarenda (sjá töflu 12).

## Tafla 12. Hvernig er forsjá barns og búsetu þess háttað? - Bakgrunnsgreining

| | Sam. forsjá / skipt búseta, lögh. hjá svaranda | Sam. forsjá / skipt búseta, lögh. hjá hinu foreldri | Hitt foreldri með fulla forsjá | Fjöldi barna |
|---|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda ****** | | | | |
| Karl | 7% | 89% | 5% | 1084 |
| Kona | 31% | 66% | 3% | 219 |
| ***Aldur svarenda*** | | | | |
| Yngri en 35 ára | 13% | 85% | 3% | 144 |
| 35 til 39 ára | 14% | 81% | 6% | 247 |
| 40 til 44 ára | 12% | 83% | 5% | 407 |
| 45 ára eða eldri | 8% | 88% | 4% | 505 |
| ***Búseta svarenda **** | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 12% | 83% | 5% | 842 |
| Landsbyggðir | 8% | 88% | 4% | 461 |
| ***Aldur barns ***** | | | | |
| 12 til 18 ára | 11% | 84% | 5% | 702 |
| 6 til 11 ára | 11% | 86% | 3% | 488 |
| 5 ára eða yngra | 6% | 84% | 10% | 105 |
| ***Samband foreldra við fæðingu barns ****** | | | | |
| Bjuggu saman við fæðingu | 11% | 86% | 4% | 1231 |
| Bjuggu ekki saman við fæðingu | 9% | 69% | 22% | 65 |
| ***Menntun svarenda ***** | | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 8% | 84% | 8% | 206 |
| Starfs- eða iðnnám | 5% | 90% | 5% | 301 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 16% | 82% | 2% | 129 |
| Grunnnám í háskóla | 13% | 83% | 4% | 316 |
| Framhaldsnám í háskóla | 15% | 82% | 3% | 256 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda **** | | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 9% | 87% | 4% | 480 |
| Eigin íbúð eða hæð | 15% | 82% | 3% | 394 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 8% | 85% | 7% | 210 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 9% | 84% | 7% | 151 |
| ***Tekjur svarenda **** | | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 12% | 85% | 4% | 110 |
| 401 til 700 þús. kr. | 14% | 81% | 5% | 332 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 11% | 86% | 3% | 445 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 7% | 86% | 6% | 416 |

Hitt foreldri með fulla forsjá




Marktækur munur er á hópum; *$p$ < 0,05, **$p$ < 0,01, ***$p$ < 0,001

Ekki var spurt frekar um hagi barna sem bjuggu hjá báðum foreldrum. Ef foreldrar barnsins bjuggu ekki saman, var spurt hvort foreldrarnir hafi einhvern tíma verið í sambandi. Mikill meirihluti hafði búið með hinu foreldi barnsins, ýmist í hjónabandi (47%) eða skráðri sambúð (49%). Alls höfðu 52 börn fæðst utan sambúðar eða hjónabands (4%) (sjá töflu 13).

### Tafla 13. Varst þú og móðir/faðir barnsins einhvern tímann í sambandi?

| | Fyrsta barn | Annað barn | Þriðja barn | Fjórða barn | Fimmta barn | Börn alls | Hlutfall barna | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Já, við vorum gift | 299 | 216 | 94 | 19 | 3 | 631 | 47% | 47% |
| Já, við vorum í sambúð | 342 | 233 | 68 | 16 | 1 | 660 | 49% | 49% |
| Já, en við bjuggum ekki saman | 17 | 6 | 3 | 0 | 0 | 26 | 2% | 2% |
| Nei | 15 | 5 | 5 | 1 | 0 | 26 | 2% | 2% |
| **Fjöldi svara** | **673** | **460** | **170** | **36** | **4** | **1343** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 103 | 316 | 606 | 740 | 772 | | | |
| **Alls** | **776** | **776** | **776** | **776** | **776** | | | |

Fyrir hvert barn, sem átti foreldra sem voru í sambandi eða hjónabandi við fæðingu þess, var spurt hve barnið var gamalt þegar slitnaði upp úr sambandinu. Algengast var að foreldrar höfðu slitið sambúð eða skilið þegar barnið var á aldrinum þriggja til fimm ára (31%). Einnig var töluvert um skilnað eða sambúðarslit þegar börn voru á aldrinum sex til níu ára (27%) (sjá töflu 14).

### Tafla 14. Hversu gamalt var barnið þegar slitnaði upp úr sambandi þínu og barnsmóður/barnsföður þess?

| | Fyrsta barn | Annað barn | Þriðja barn | Fjórða barn | Fimmta barn | Börn alls | Hlutfall barna | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Barn var ekki fætt | 11 | 11 | 5 | 2 | 0 | 29 | 2% | 2% |
| Yngra en eins árs | 35 | 18 | 6 | 1 | 0 | 60 | 5% | 5% |
| 1-2 ára | 120 | 59 | 30 | 2 | 0 | 211 | 16% | 16% |
| 3-5 ára | 188 | 152 | 51 | 11 | 3 | 405 | 31% | 31% |
| 6-9 ára | 166 | 131 | 38 | 10 | 0 | 345 | 27% | 27% |
| 10-12 ára | 82 | 51 | 19 | 4 | 1 | 157 | 12% | 12% |
| Eldra en 12 ára | 47 | 26 | 11 | 4 | 0 | 88 | 7% | 7% |
| **Fjöldi svara** | **649** | **448** | **160** | **34** | **4** | **1295** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 127 | 328 | 616 | 742 | 772 | | | |
| **Alls** | **776** | **776** | **776** | **776** | **776** | | | |

Hlutfallslega flestir svarendur áttu í góðum samskiptum við hitt foreldri barnanna. Þó þóttu samskiptin vera frekar slæm í tilviki 12% barna og mjög slæm í tilviki 11% barna (sjá töflu 15).

**Tafla 15. Myndir þú segja að núverandi samskipti þín og móður/föður barnsins væru góð eða slæm að jafnaði?**

| | Fyrsta barn | Annað barn | Þriðja barn | Fjórða barn | Fimmta barn | Börn alls | Hlutfall barna |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mjög góð | 210 | 140 | 49 | 7 | 1 | 407 | 31% |
| Frekar góð | 197 | 135 | 41 | 7 | 0 | 380 | 29% |
| Hvorki góð né slæm | 114 | 78 | 34 | 11 | 1 | 238 | 18% |
| Frekar slæm | 76 | 52 | 20 | 7 | 1 | 156 | 12% |
| Mjög slæm | 68 | 50 | 22 | 4 | 1 | 145 | 11% |
| **Fjöldi svara** | **665** | **455** | **166** | **36** | **4** | **1326** | **100%** |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 111 | 321 | 610 | 740 | 772 | | |
| **Alls** | **776** | **776** | **776** | **776** | **776** | | |

Ekki var tölfræðilega marktækur munur á dreifingu svara við spurningu um samskipti við hitt foreldrið eftir kyni, aldri og búsetu svarenda, aldri barns, forsjá þess og hvort foreldrar bjuggu saman við fæðingu, menntun svarenda, húsnæðisaðstæðum og tekjum.

Algengast var að börnin dveldu jafnt á báðum heimilum (41%). Þó var töluvert stór hópur barna sem dvaldi innan við sjö daga í mánuði hjá foreldrinu sem svaraði könnuninni (30%) (sjá töflu 16).

**Tafla 16. Að jafnaði, hversu marga daga dvelur barnið hjá þér af hverjum 28 dögum?**

| | Fyrsta barn | Annað barn | Þriðja barn | Fjórða barn | Fimmta barn | Börn alls | Hlutfall barna |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Innan við 7 daga | 197 | 122 | 44 | 10 | 0 | 373 | 30% |
| 7 til 13 daga | 110 | 71 | 29 | 4 | 0 | 214 | 17% |
| Tvær vikur | 255 | 191 | 59 | 5 | 1 | 511 | 41% |
| Meira en tvær vikur | 76 | 46 | 16 | 5 | 0 | 143 | 12% |
| **Fjöldi svara** | **638** | **430** | **148** | **24** | **1** | **1241** | **100%** |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 138 | 346 | 628 | 752 | 775 | | |
| **Alls** | **776** | **776** | **776** | **776** | **776** | | |

Í töflu 17 eru svör við spurningu um dvöl á heimilinu greind eftir bakgrunni barna og svarenda. Í ljós kom að meiri líkur voru á því að barn dveldi jafnt á báðum heimilum ef svararandi var kona en ef um karl var að ræða. Sömuleiðis var líklegra að börnin dveldu jafnt á báðum heimilum ef foreldrar voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Börn á aldrinum sex til 11 ára voru líklegri til að dvelja jafnt á báðum heimilum en eldri og yngri börn. Ef hitt foreldrið var með fulla forsjá, voru miklar líkur (74%) á því að barnið dveldi innan við sjö daga í mánuði á heimili svaranda. Sömuleiðis kom í ljós að ef foreldrar bjuggu ekki saman við fæðingu barns voru meiri líkur á að barnið dveldi innan við sjö daga í mánuði á heimili þeirra en ef foreldrar voru í sambúð eða hjónabandi við fæðingu. Þá sýndu niðurstöður að með aukinni menntun og auknum tekjum jukust líkur á að börnin dveldu jafnt á báðum heimilum. Ef foreldrar bjuggu í leiguhúsnæði voru

meiri líkur á að börn þeirra dveldu innan við sjö daga í mánuði á heimili þeirra en ef foreldrar bjuggu í eigin húsnæði.

**Tafla 17. Að jafnaði, hversu marga daga dvelur barnið hjá þér af hverjum 28 dögum? - Bakgrunnsgreining**

| | Innan við 7 daga | 7 til 13 daga | Tvær vikur | Meira en tvær vikur | Fjöldi barna |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda ****** | | | | | |
| Karl | 34% | 19% | 38% | 9% | 1030 |
| Kona | 12% | 8% | 59% | 22% | 211 |
| ***Aldur svarenda*** | | | | | |
| Yngri en 35 ára | 24% | 19% | 46% | 10% | 139 |
| 35 til 39 ára | 28% | 17% | 44% | 10% | 244 |
| 40 til 44 ára | 28% | 15% | 46% | 11% | 395 |
| 45 ára eða eldri | 35% | 18% | 34% | 13% | 463 |
| ***Búseta svarenda ****** | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 23% | 17% | 49% | 11% | 825 |
| Landsbyggðir | 44% | 18% | 25% | 13% | 416 |
| ***Aldur barns ****** | | | | | |
| 12 til 18 ára | 34% | 15% | 38% | 13% | 651 |
| 6 til 11 ára | 27% | 17% | 47% | 9% | 478 |
| 5 ára eða yngra | 22% | 30% | 38% | 9% | 107 |
| ***Forsjá barns ****** | | | | | |
| Sam. forsjá - lögheimili hjá svaranda | 6% | 3% | 60% | 31% | 137 |
| Sam. forsjá - lögheimili hjá hinu for. | 31% | 19% | 41% | 8% | 1017 |
| Hitt foreldri með fulla forsjá | 74% | 21% | 6% | 0% | 53 |
| ***Samband foreldra við fæðingu barns ****** | | | | | |
| Bjuggu saman við fæðingu | 29% | 17% | 42% | 11% | 1173 |
| Bjuggu ekki saman við fæðingu | 40% | 23% | 25% | 12% | 65 |
| ***Menntun svarenda ****** | | | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 37% | 19% | 31% | 13% | 196 |
| Starfs- eða iðnnám | 40% | 24% | 27% | 9% | 288 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 25% | 17% | 46% | 12% | 129 |
| Grunnnám í háskóla | 26% | 15% | 45% | 14% | 315 |
| Framhaldsnám í háskóla | 17% | 14% | 60% | 9% | 257 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda ****** | | | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 32% | 14% | 42% | 12% | 472 |
| Eigin íbúð eða hæð | 19% | 20% | 50% | 12% | 399 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 33% | 21% | 34% | 12% | 201 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 46% | 19% | 29% | 7% | 138 |
| ***Tekjur svarenda ****** | | | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 36% | 21% | 22% | 21% | 91 |
| 401 til 700 þús. kr. | 36% | 16% | 37% | 11% | 337 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 25% | 18% | 46% | 11% | 441 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 29% | 17% | 44% | 10% | 372 |

Tvær vikur




Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Ef barnið dvaldi innan við sjö daga í mánuði hjá svaranda, var spurt hvers vegna barnið dveldi ekki oftar á heimili hans. Gefnir voru fjórir valmöguleikar, þ.e. að aðstæður leyfðu ekki meiri umgengni, að hitt foreldrið kæmi í veg fyrir umgengni, að barnið vildi ekki meiri umgengni og að stjórnvald leyfði ekki meiri umgengni. Sömuleiðis gátu svarendur gefið opið svar við spurningunni ef þeim fannst þessir fyrirframgreindu svarmöguleikar ekki eiga við. Í opna svarmöguleikanum var töluvert um að svarendur nefndu að of mikil fjarlægð væri á milli heimila. Þó að slík svör gætu tilheyrt flokknum „aðstæður leyfa ekki meiri umgengni" var búinn til sérstakur flokkur fyrir þetta atriði. Tafla 18 sýnir að 39% sögðu aðstæður ekki leyfa meiri umgengni, án þess að tilgreina hverjar þessar aðstæður væru og til viðbótar nefndu 17% að fjarlægð milli heimila kæmi í veg fyrir dvöl barns á heimili svarenda. Þannig voru aðstæðubundnir þættir helsta ástæða þess að barnið dvaldi ekki oftar en sjö daga í mánuði á heimili svarenda. Einnig nefndi stór hópur, eða fjórðungur, að hitt foreldrið kæmi í veg fyrir umgengni. Þegar svarendur nefndu eitthvað annað, sem féll ekki undir þá flokka sem sýndir eru í töflu 18, var yfirleitt um það að ræða að upphaflega hafi verið samið um skamma dvöl (t.d. önnur hvor helgi) en ekki fylgdi útskýring á því hvers vegna samkomulagið væri með þeim hætti.

**Tafla 18. Hvers vegna dvelur barnið ekki oftar á heimili þínu?**

| | Fyrsta barn | Annað barn | Þriðja barn | Fjórða barn | Fimmta barn | Svör alls | Hlutfall barna * | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Aðstæður leyfa ekki meiri umgengni | 72 | 48 | 17 | 2 | 0 | 139 | 39% | 39% |
| Hitt foreldrið kemur í veg fyrir meiri umgengni | 46 | 30 | 8 | 2 | 0 | 86 | 24% | 24% |
| Vegna fjarlægðar milli heimila | 36 | 18 | 7 | 0 | 0 | 61 | 17% | 17% |
| Barnið vill ekki meiri umgengni | 35 | 15 | 0 | 5 | 0 | 55 | 16% | 16% |
| Stjórnvald leyfir ekki meiri umgengni | 3 | 1 | 6 | 0 | 0 | 10 | 3% | 3% |
| Vegna veikinda foreldris | 1 | 2 | 1 | 0 | 0 | 4 | 1% | 1% |
| Annað | 23 | 22 | 7 | 2 | 0 | 54 | 15% | 15% |
| **Fjöldi barna** | **188** | **115** | **41** | **10** | **0** | | **116%** | |

*Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði fyrir hvert barn, því er hlutfall barna alls yfir 100%.

Þrír flokkar, sem sýndir eru í töflu 18, voru flokkaðir eftir bakgrunni svarenda. Tafla 19 sýnir bakgrunn þeirra sem sögðu aðstöðuleysi hindra lengri dvöl barnsins á heimili þeirra. Yngstu svarendurnir, þ.e. þeir sem voru undir 35 ára, voru líklegri til að nefna aðstöðuleysi en eldri svarendur. Einnig voru svarendur sem bjuggu í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði mun líklegri til að segja að aðstæður leyfðu ekki meiri umgengni en þeir sem bjuggu í eigin einbýlishúsi, parhúsi eða raðhúsi. Þá kom í ljós að ef samskipti við hitt foreldrið voru mjög eða frekar góð, eða hvorki góð né slæm, voru svarendur líklegri til að segja aðstöðuleysi hamla umgengni en ef samskiptin voru frekar eða mjög slæm.

Tafla 20 sýnir að yngstu börnin, þ.e. þau sem voru 5 ára og yngri, voru líklegri en eldri börn til að dvelja ekki oftar en sjö daga í mánuði hjá svaranda vegna þess að hitt foreldrið kom í veg fyrir

umgengni. Sömuleiðis var nokkur munur á afstöðu svarenda til þessa atriðis eftir menntun. Foreldrar sem lokið höfðu bóklegu námi á framhaldsskólastigi voru líklegri til að segja hitt foreldrið koma í veg fyrir meiri umgengni en þau sem lokið höfðu grunnskóla, iðn- eða starfsnámi eða háskólaprófi. Þá var munur á dreifingu svara eftir tekjum, en því hærri tekjur, þeim mun líklegri voru svarendur til að nefna að hitt foreldrið kæmi í veg fyrir lengri dvöl barns á heimili svaranda. Loks sýndu niðurstöður að ef samskipti við hitt foreldrið voru frekar eða mjög slæm voru miklar líkur á því að svarendur segðu hitt foreldrið koma í veg fyrir meiri umgengni.

Tafla 21 sýnir að elstu börnin, þ.e. þau sem voru á aldrinum 12 til 18 ára voru líklegri en yngri börn til að dvelja ekki oftar en sjö daga í mánuði hjá svaranda vegna þess að þau langaði ekki til þess. Í opnum svörum gáfu sumir foreldrar nánari útskýringu á því hvers vegna barnið vildi ekki lengri dvöl. Þau sem rituðu opið svar sögðu barnið vera orðið það gamalt að það vildi gista í hverfinu þar sem vinirnir ættu heima. Það var því ekki endilega þannig að samskipti milli svaranda og barns væru slæm, því sumir þátttakendur áttu í miklum og góðum samskiptum við barnið án þess að það dveldi yfir nótt á heimilinu.

## Tafla 19. Aðstæður leyfa ekki meiri umgengni - Bakgrunnsgreining

| | Á ekki við | Á við | Fjöldi barna |
|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda*** | | | |
| Karl | 63% | 37% | 347 |
| Kona | 60% | 40% | 25 |
| ***Aldur svarenda **** | | | |
| Yngri en 35 ára | 38% | 62% | 34 |
| 35 til 39 ára | 61% | 39% | 69 |
| 40 til 44 ára | 65% | 35% | 109 |
| 45 ára eða eldri | 66% | 34% | 160 |
| ***Búseta svarenda*** | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 67% | 33% | 192 |
| Landsbyggðir | 57% | 43% | 180 |
| ***Aldur barns*** | | | |
| 12 til 18 ára | 65% | 35% | 219 |
| 6 til 11 ára | 58% | 42% | 128 |
| 5 ára eða yngra | 58% | 42% | 24 |
| ***Forsjá barns*** | | | |
| Sam. forsjá - lögheimili hjá svaranda | 63% | 38% | 8 |
| Sam. forsjá - lögheimili hjá hinu for. | 61% | 39% | 319 |
| Hitt foreldri með fulla forsjá | 69% | 31% | 39 |
| ***Samband foreldra við fæðingu barns*** | | | |
| Bjuggu saman við fæðingu | 63% | 37% | 345 |
| Bjuggu ekki saman við fæðingu | 58% | 42% | 26 |
| ***Menntun svarenda*** | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 58% | 42% | 72 |
| Starfs- eða iðnnám | 65% | 35% | 116 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 66% | 34% | 32 |
| Grunnnám í háskóla | 62% | 38% | 82 |
| Framhaldsnám í háskóla | 52% | 48% | 44 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda **** | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 68% | 32% | 151 |
| Eigin íbúð eða hæð | 57% | 43% | 74 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 48% | 52% | 66 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 63% | 37% | 63 |
| ***Tekjur svarenda*** | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 58% | 42% | 33 |
| 401 til 700 þús. kr. | 56% | 44% | 119 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 67% | 33% | 111 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 66% | 34% | 109 |
| ***Samskipti við hitt foreldrið ****** | | | |
| Mjög eða frekar góð | 54% | 46% | 180 |
| Hvorki góð né slæm | 57% | 43% | 79 |
| Frekar eða mjög slæm | 80% | 20% | 113 |

Á við




Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

## Tafla 20. Hitt foreldrið kemur í veg fyrir umgengni - Bakgrunnsgreining

| | Á ekki við | Á við | Fjöldi barna |
|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda*** | | | |
| Karl | 76% | 24% | 301 |
| Kona | 88% | 13% | 16 |
| ***Aldur svarenda*** | | | |
| Yngri en 35 ára | 67% | 33% | 24 |
| 35 til 39 ára | 79% | 21% | 66 |
| 40 til 44 ára | 71% | 29% | 102 |
| 45 ára eða eldri | 83% | 17% | 125 |
| ***Búseta svarenda*** | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 76% | 24% | 165 |
| Landsbyggðir | 78% | 22% | 152 |
| ***Aldur barns ***** | | | |
| 12 til 18 ára | 80% | 20% | 184 |
| 6 til 11 ára | 77% | 23% | 110 |
| 5 ára eða yngra | 50% | 50% | 22 |
| ***Forsjá barns*** | | | |
| Sam. forsjá - lögheimili hjá svaranda | 83% | 17% | 6 |
| Sam. forsjá - lögheimili hjá hinu for. | 78% | 22% | 268 |
| Hitt foreldri með fulla forsjá | 62% | 38% | 37 |
| ***Samband foreldra við fæðingu barns*** | | | |
| Bjuggu saman við fæðingu | 77% | 23% | 295 |
| Bjuggu ekki saman við fæðingu | 76% | 24% | 21 |
| ***Menntun svarenda **** | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 82% | 18% | 55 |
| Starfs- eða iðnnám | 82% | 18% | 111 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 56% | 44% | 25 |
| Grunnnám í háskóla | 81% | 19% | 69 |
| Framhaldsnám í háskóla | 73% | 27% | 33 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda*** | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 70% | 30% | 135 |
| Eigin íbúð eða hæð | 82% | 18% | 56 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 82% | 18% | 56 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 83% | 17% | 53 |
| ***Tekjur svarenda **** | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 100% | 0% | 26 |
| 401 til 700 þús. kr. | 81% | 19% | 107 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 70% | 30% | 94 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 72% | 28% | 90 |
| ***Samskipti við hitt foreldrið ****** | | | |
| Mjög eða frekar góð | 96% | 4% | 158 |
| Hvorki góð né slæm | 82% | 18% | 67 |
| Frekar eða mjög slæm | 41% | 59% | 92 |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001



## Tafla 21. Barnið vill ekki meiri umgengni - Bakgrunnsgreining

| | Á ekki við | Á við | Fjöldi barna |
|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda*** | | | |
| Karl | 83% | 17% | 347 |
| Kona | 84% | 16% | 25 |
| ***Aldur svarenda*** | | | |
| Yngri en 35 ára | 91% | 9% | 34 |
| 35 til 39 ára | 77% | 23% | 69 |
| 40 til 44 ára | 83% | 17% | 109 |
| 45 ára eða eldri | 84% | 16% | 160 |
| ***Búseta svarenda*** | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 80% | 20% | 192 |
| Landsbyggðir | 86% | 14% | 180 |
| ***Aldur barns ****** | | | |
| 12 til 18 ára | 75% | 25% | 219 |
| 6 til 11 ára | 95% | 5% | 128 |
| 5 ára eða yngra | 96% | 4% | 24 |
| ***Forsjá barns*** | | | |
| Sam. forsjá - lögheimili hjá svaranda | 88% | 13% | 8 |
| Sam. forsjá - lögheimili hjá hinu for. | 82% | 18% | 319 |
| Hitt foreldri með fulla forsjá | 87% | 13% | 39 |
| ***Samband foreldra við fæðingu barns*** | | | |
| Bjuggu saman við fæðingu | 82% | 18% | 345 |
| Bjuggu ekki saman við fæðingu | 92% | 8% | 26 |
| ***Menntun svarenda*** | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 88% | 13% | 72 |
| Starfs- eða iðnnám | 79% | 21% | 116 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 81% | 19% | 32 |
| Grunnnám í háskóla | 82% | 18% | 82 |
| Framhaldsnám í háskóla | 82% | 18% | 44 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda*** | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 85% | 15% | 151 |
| Eigin íbúð eða hæð | 78% | 22% | 74 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 88% | 12% | 66 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 76% | 24% | 63 |
| ***Tekjur svarenda*** | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 79% | 21% | 33 |
| 401 til 700 þús. kr. | 85% | 15% | 119 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 78% | 22% | 111 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 87% | 13% | 109 |
| ***Samskipti við hitt foreldrið*** | | | |
| Mjög eða frekar góð | 83% | 17% | 180 |
| Hvorki góð né slæm | 84% | 16% | 79 |
| Frekar eða mjög slæm | 82% | 18% | 113 |




Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Ef barnið dvaldi fleiri en 22 daga í mánuði hjá svaranda var spurt hvers vegna það dveldi ekki oftar á heimili hins foreldrisins. Oftast var það að ósk barnsins, eða í 39% tilfella, og í 29% tilfella leyfðu aðstæður ekki lengri dvöl á heimili hins foreldrisins (sjá töflu 22). Svör við hverju atriði voru of fá til þess að unnt væri að greina þau eftir bakgrunni þátttakenda.

**Tafla 22. Hvers vegna dvelur barnið ekki oftar á heimili hins foreldrisins?**

| | Fyrsta barn | Annað barn | Þriðja barn | Fjórða barn | Fimmta barn | Svör alls | Hlutfall barna * |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Barnið vill ekki meiri umgengni | 20 | 5 | 4 | 1 | 0 | 30 | 39% |
| Aðstæður leyfa ekki meiri umgengni | 12 | 7 | 3 | 0 | 0 | 22 | 29% |
| Hitt foreldrið kemur í veg fyrir meiri umgengni | 3 | 2 | 1 | 0 | 0 | 6 | 8% |
| Vegna veikinda foreldris | 3 | 2 | 0 | 0 | 0 | 5 | 7% |
| Vegna fjarlægðar milli heimila | 2 | 2 | 1 | 1 | 0 | 6 | 8% |
| Stjórnvald leyfir ekki meiri umgengni | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 2 | 3% |
| Annað | 8 | 7 | 2 | 2 | 0 | 19 | 25% |
| **Fjöldi barna** | **42** | **21** | **9** | **4** | **0** | | **118%** |

*Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði fyrir hvert barn, því er hlutfall barna alls yfir 100%.

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu marga daga þeir myndu vilja að barnið dveldi hjá sér. Athygli vakti að stór hópur, eða 61%, vildi að barnið dveldi jafnt á heimili sínu og á heimili hins foreldrisins (sjá töflu 23). Samanburður á dreifingu svara sem birtast í töflu 17 og töflu 23 sýnir að hlutfallslega fleiri vildu að barnið dveldi jafnt á báðum heimilum en var raunin.

**Tafla 23. Að öðru óbreyttu, hversu marga daga að jafnaði myndi barnið dvelja á þínu heimili af hverjum 28 dögum ef þú réðir fyrirkomulaginu að öllu leyti sjálf(ur)?**

| | Fyrsta barn | Annað barn | Þriðja barn | Fjórða barn | Fimmta barn | Börn alls | Hlutfall barna |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Innan við tvær vikur | 92 | 61 | 20 | 1 | 0 | 174 | 15% |
| Tvær vikur | 360 | 252 | 80 | 13 | 1 | 706 | 61% |
| Meira en tvær vikur | 80 | 47 | 18 | 1 | 0 | 146 | 13% |
| Það dveldi alfarið hjá mér | 69 | 42 | 19 | 6 | 1 | 137 | 12% |
| **Fjöldi svara** | **601** | **402** | **137** | **21** | **2** | **1163** | **100%** |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 175 | 374 | 639 | 755 | 774 | | |
| **Alls** | **776** | **776** | **776** | **776** | **776** | | |

Ríflega helmingur barnanna naut jafnrar framfærslu beggja foreldra, í 20% tilvika var framfærsla oftar sinnt af svaranda en af hinu foreldrinu og í fjórðungi tilvika sinnti hitt foreldrið oftar framfærslu en svarandinn (sjá töflu 24).

### Tafla 24. Að frátöldum meðlagsgreiðslum, hvernig er framfærslu barnsins sinnt?

| | Fyrsta barn | Annað barn | Þriðja barn | Fjórða barn | Fimmta barn | Börn alls | Hlutfall barna |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ég sinni framfærslu að mestu eða öllu leyti | 57 | 37 | 13 | 3 | 0 | 110 | 9% |
| Ég sinni framfærslu að nokkuð meira leyti | 70 | 47 | 14 | 4 | 1 | 136 | 11% |
| Báðir foreldrar sinna framfærslu nokkuð jafnt | 344 | 229 | 73 | 10 | 1 | 657 | 52% |
| Hitt foreldrið sinnir framfærslu að nokkuð meira leyti | 104 | 74 | 31 | 7 | 1 | 217 | 17% |
| Hitt foreldrið sinnir framfærslu að mestu eða öllu leyti | 47 | 30 | 11 | 0 | 0 | 88 | 7% |
| Annað | 31 | 22 | 8 | 0 | 0 | 61 | 5% |
| **Fjöldi svara** | **653** | **439** | **150** | **24** | **3** | **1269** | **100%** |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 123 | 337 | 626 | 752 | 773 | | |
| **Alls** | **776** | **776** | **776** | **776** | **776** | | |

Svör við spurningu um framfærslu barnsins voru greind eftir bakgrunni þátttakenda. Greiningin leiddi í ljós að karlkyns svarendur voru líklegri en konur til að segja hitt foreldrið sinna framfærslu að mestu eða öllu leyti. Þá voru foreldrar af höfuðborgarsvæðinu ólíklegri en foreldrar utan þess til að segja hitt foreldrið sinna framfærslu að mestu eða öllu leyti. Ekki þarf að koma á óvart að ef hitt foreldrið fór með fulla forsjá voru miklar líkur á að hitt foreldrið sinnti framfærslu. Foreldrar sem höfðu lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi eða framhaldsnámi í háskóla voru ólíklegri til að segja hitt foreldri sinna framfærslu að mestu eða öllu leyti en foreldrar með grunnskólanám, starfs- eða iðnnám eða grunnnám í háskóla að baki. Einnig kom í ljós að foreldrar í leiguhúsnæði, ýmist á almennum markaði eða í félagslegu leiguhúsnæði, voru ólíklegri til að sinna sjálfir framfærslu að miklu eða öllu leyti en þeir sem bjuggu í eigin húsnæði. Með auknum tekjum dró úr líkum á því að hitt foreldrið annaðist framfærslu. Því verri sem samskiptin voru við hitt foreldrið þeim mun meiri líkur voru á því að hitt foreldrið annaðist framfærslu. Loks var mikill munur á dreifingu svara við spurningunni eftir því hve marga daga af hverjum 28 dögum barnið dvaldi hjá svaranda. Helmingur þeirra sem sögðu barnið dvelja innan við sjö daga í mánuði á heimili sínu kvað hitt foreldrið sinna framfærslu að mestu eða öllu leyti. Til samanburðar var hlutfallið 9% meðal þeirra sem sögðu barnið dvelja jafnt á báðum heimilum (sjá töflu 25).

## Tafla 25. Hvernig er framfærslu barnsins sinnt? - Bakgrunnsgreining

| | Ég að mestu eða öllu leyti | Báðir foreldrar sinna framfærslu nokkuð jafnt | Hitt foreldrið að mestu eða öllu leyti | Fjöldi barna |
|---|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda ***** | | | | |
| Karl | 21% | 46% | 33% | 835 |
| Kona | 35% | 49% | 17% | 173 |
| ***Aldur svarenda*** | | | | |
| Yngri en 35 ára | 25% | 48% | 27% | 107 |
| 35 til 39 ára | 20% | 48% | 32% | 204 |
| 40 til 44 ára | 24% | 48% | 29% | 305 |
| 45 ára eða eldri | 26% | 43% | 31% | 392 |
| ***Búseta svarenda ****** | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 26% | 49% | 25% | 624 |
| Landsbyggðir | 20% | 41% | 39% | 384 |
| ***Aldur barns*** | | | | |
| 12 til 18 ára | 25% | 43% | 31% | 528 |
| 6 til 11 ára | 23% | 49% | 27% | 388 |
| 5 ára eða yngra | 13% | 50% | 37% | 84 |
| ***Forsjá barns ****** | | | | |
| Sam. forsjá - lögheimili hjá svaranda | 52% | 46% | 2% | 102 |
| Sam. forsjá - lögheimili hjá hinu for. | 20% | 47% | 32% | 819 |
| Hitt foreldri með fulla forsjá | 3% | 39% | 58% | 64 |
| ***Samband foreldra við fæðingu barns*** | | | | |
| Bjuggu saman við fæðingu | 24% | 46% | 30% | 942 |
| Bjuggu ekki saman við fæðingu | 23% | 42% | 35% | 62 |
| ***Menntun svarenda **** | | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 19% | 45% | 36% | 167 |
| Starfs- eða iðnnám | 22% | 40% | 38% | 266 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 28% | 52% | 20% | 93 |
| Grunnnám í háskóla | 22% | 45% | 32% | 273 |
| Framhaldsnám í háskóla | 25% | 58% | 17% | 182 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda*** | | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 28% | 44% | 28% | 383 |
| Eigin íbúð eða hæð | 24% | 49% | 27% | 309 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 16% | 49% | 35% | 171 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 19% | 42% | 39% | 136 |
| ***Tekjur svarenda ****** | | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 25% | 38% | 37% | 103 |
| 401 til 700 þús. kr. | 19% | 45% | 36% | 283 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 17% | 53% | 29% | 352 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 36% | 41% | 23% | 270 |
| ***Samskipti við hitt foreldrið ****** | | | | |
| Mjög eða frekar góð | 19% | 55% | 26% | 568 |
| Hvorki góð né slæm | 26% | 40% | 34% | 185 |
| Frekar eða mjög slæm | 31% | 31% | 37% | 251 |
| ***Dvöl barns ****** | | | | |
| Innan við 7 daga | 6% | 42% | 52% | 358 |
| 7-13 daga | 17% | 42% | 41% | 171 |
| Tvær vikur | 26% | 65% | 9% | 323 |
| Meira en tvær vikur | 85% | 13% | 2% | 114 |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001



Svarendur sem voru í sambúð eða hjónabandi voru spurðir hvort maki þeirra ætti börn af fyrra sambandi. Það átti við í 44% tilvika (sjá töflu 26).

**Tafla 26. Hversu mörg núlifandi börn yngri en 18 ára á maki þinn af fyrra/fyrri samböndum?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Ekkert barn | 185 | 56% | 56% |
| Eitt barn | 73 | 22% | 22% |
| Tvö börn | 55 | 17% | 17% |
| Þrjú börn | 12 | 4% | 4% |
| Fjögur börn eða fleiri | 8 | 2% | 2% |
| **Fjöldi svara** | **333** | **100%** | |
| Vil ekki svara/A ekki við | 443 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Oftast töldu svarendur í sambúð eða hjónabandi að maki þeirra styddi þá í að tengjast barni eða börnum af fyrra sambandi (sjá töflu 27).

**Tafla 27. Heilt yfir, hversu styðjandi eða letjandi myndir þú segja að maki þinn væri þegar kemur að tengslum þínum við barnið/börnin þín af fyrra sambandi?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Mjög styðjandi | 277 | 67% | 67% |
| Frekar styðjandi | 78 | 19% | 19% |
| Hvorki styðjandi né letjandi | 30 | 7% | 7% |
| Frekar letjandi | 16 | 4% | 4% |
| Mjög letjandi | 12 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **413** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 363 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Séu niðurstöður um dvöl barna á heimilum svarenda teknar saman, má sjá að aldur barns hafði töluvert að segja um hvort forsjá barns væri sameiginleg eða ekki. Líklegra var að yngstu börnin væru í forsjá hins foreldrisins en ef um eldri börn var að ræða. Niðurstöður sýndu einnig að nokkuð stór hópur barnanna dvaldi innan við sjö daga í mánuði hjá svarenda. Aðstæðubundnir þættir voru algengasta ástæða skammrar dvalar en þó var nokkuð um að hitt foreldrið kæmi í veg fyrir umgengni.

# Aðstæður á heimili

Í könnuninni var spurt hverjir búa á heimilinu og um húsnæðisaðstæður. Eins og sjá má í töflu 29 bjó ríflega þriðjungur svarenda hvorki með maka né börnum.

**Tafla 28. Hversu margir búa á heimili þínu að þér meðtöldum/meðtalinni?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Bý ein(n)/eitt | 252 | 35% | 35% |
| Tveir | 83 | 12% | 12% |
| Þrír | 125 | 17% | 17% |
| Fjórir | 129 | 18% | 18% |
| Fimm | 77 | 11% | 11% |
| Sex eða fleiri | 53 | 7% | 7% |
| **Fjöldi svara** | **719** | **100%** | |
| Vil ekki svara/A ekki við | 57 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Þátttakendur, sem ekki voru einir á heimili, voru spurðir hversu mörg börn byggju á heimilinu. Tafla 29 sýnir að hlutfallslega flestir sögðu tvö börn búa á heimilinu (40%).

**Tafla 29. Hversu mörg börn, yngri en 18 ára, búa á heimili þínu?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Eitt | 121 | 29% | 29% |
| Tvö | 167 | 40% | 40% |
| Þrjú | 89 | 21% | 21% |
| Fjögur | 28 | 7% | 7% |
| Fimm | 10 | 2% | 2% |
| Sex eða fleiri | 3 | 1% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **418** | **100%** | |
| Vil ekki svara/A ekki við | 361 | | |
| **Alls** | **779** | | |

Hlutfallslega flestir svarendur bjuggu í eigin húsnæði, ýmist í einbýli, parhúsi eða raðhúsi eða í eigin íbúð eða hæð í fjölbýlishúsi. Alls bjuggu 17% í húsnæði á almennum leigumarkaði (sjá töflu 30).

**Tafla 30. Býrð þú í eigin húsnæði, í leiguhúsnæði, í foreldrahúsum, hjá ættingjum eða býrð þú í annars konar húsnæði?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Bý í eigin húsnæði (einbýli/parhúsi/raðhúsi) | 281 | 39% | 39% |
| Bý í eigin húsnæði (íbúð/hæð í fjölbýlishúsi) | 235 | 33% | 33% |
| Bý í leiguhúsnæði á almennum markaði | 123 | 17% | 17% |
| Bý í leiguhúsnæði í félagslega húsnæðiskerfinu | 14 | 2% | 2% |
| Bý í annars konar leiguhúsnæði | 31 | 4% | 4% |
| Bý í foreldrahúsum | 21 | 3% | 3% |
| Bý á heimili ættingja (annars en foreldris/foreldra) eða vina | 4 | 1% | 1% |
| Bý í annars konar húsnæði | 11 | 2% | 2% |
| **Fjöldi svara** | **720** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 56 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Hagstofa Íslands aflar upplýsinga um húsnæðisaðstæður fólks í Lífskjararannsókninni, sem byggir á tilviljunarúrtaki úr Þjóðskrá meðal fullorðinna á Íslandi. Mynd 1 sýnir samanburð á húsnæðisaðstæðum foreldra sem ekki deila lögheimili með barni og húsnæðisaðstæðum fólks, almennt. Enginn munur var húsnæðisaðstæðum þeirra sem svöruðu könnuninni, sem hér er til umfjöllunar, og þeirra sem tóku þátt í Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands. Á hinn bóginn var nokkur munur á dreifingu svara þegar svör voru greind eftir því hvort þátttakendur voru einir á heimili eða hvort börn væru skráð á lögheimili þeirra. Þátttakendur í könnun Félagsvísindastofnunar um foreldra sem ekki deila lögheimili með barni sínu voru líklegri en þátttakendur í Lífskjararannsókn Hagstofunnar til að búa í leiguhúsnæði ef börn voru á heimilinu.




**Mynd 1. Samanburður á húsnæðisaðstæðum foreldra sem ekki deila lögheimili með barni og fullorðinna á Íslandi, almennt**

Hafa skal hugfast að aldursdreifing svarenda í Lífskjararannsókn Hagstofunnar er nokkru meiri en í könnun Félagsvísindastofnunar á aðstæðum foreldra sem ekki deila lögheimili með barni.

Þó að samanburður við Lífskjararannsókn Hagstofunnar sýni lítinn sem engan mun á húsnæðisaðstæðum foreldra sem ekki deila lögheimili með barni og fullorðinna, almennt, þá reyndist vera töluverður munur á því hvernig foreldrar bjuggu eftir bakgrunni þeirra. Eins og sjá má í töflu 31 voru karlar líklegri en konur til að búa í eigin einbýlis-, par- eða raðhúsi. Því eldri sem foreldrar voru, þeim mun líklegra var að þeir byggju í eigin einbýlis-, par eða raðhúsi. Leiða má líkum að því að hið sama eigi við um fullorðna á Íslandi, almennt. Þá voru höfuðborgarbúar líklegri til að búa í eigin íbúð eða hæð en foreldrar utan höfuðborgarsvæðisins sem vafalítið skýrist af mismunandi framboði á slíku húsnæði milli landsvæða. Einnig kom í ljós að því meiri menntun sem foreldrar höfðu lokið og því hærri tekjur sem þeir höfðu, þeim mun ólíklegra var að þeir byggju í leiguhúsnæði. Tafla 31 birtir jafnframt greiningu á svörum eftir forsjá og dvöl barna á heimili þeirra. Í ljós kom að ef a.m.k. eitt barn dvaldi innan við sjö daga í mánuði á heimili svaranda voru minni líkur á að viðkomandi byggi í eigin íbúð eða hæð en í eigin einbýli, par- eða raðhúsi.

## Tafla 31. Býrð þú í eigin húsnæði, í leiguhúsnæði eða við annars konar búsetufyrirkomulag? - Bakgrunnsgreining

| | Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | Eigin íbúð eða hæð | Leiguhúsnæði á alm. leigumark. | Annað | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda **** | | | | | |
| Karl | 41% | 32% | 17% | 10% | 643 |
| Kona | 30% | 37% | 16% | 17% | 119 |
| ***Aldur svarenda **** | | | | | |
| Yngri en 35 ára | 29% | 33% | 21% | 17% | 95 |
| 35 til 39 ára | 37% | 30% | 16% | 18% | 125 |
| 40 til 44 ára | 41% | 35% | 18% | 6% | 234 |
| 45 ára eða eldri | 42% | 32% | 16% | 10% | 308 |
| ***Búseta svarenda ****** | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 29% | 42% | 18% | 12% | 504 |
| Landsbyggðir | 59% | 15% | 15% | 11% | 258 |
| ***Menntun svarenda ****** | | | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 40% | 15% | 26% | 19% | 127 |
| Starfs- eða iðnnám | 40% | 24% | 21% | 15% | 183 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólast | 32% | 41% | 15% | 13% | 81 |
| Grunnnám í háskóla | 39% | 42% | 13% | 6% | 200 |
| Framhaldsnám í háskóla | 40% | 43% | 10% | 8% | 146 |
| ***Tekjur svarenda **** | | | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 17% | 22% | 29% | 32% | 61 |
| 401 til 700 þús. kr. | 31% | 34% | 21% | 14% | 197 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 35% | 37% | 17% | 10% | 273 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 56% | 29% | 10% | 5% | 231 |
| ***Fer ekki með forsjá a.m.k. eins barns*** | | | | | |
| Á ekki við | 37% | 34% | 18% | 11% | 632 |
| Á við | 41% | 23% | 18% | 18% | 44 |
| ***A.m.k. eitt barn innan við 7 daga á heimili ****** | | | | | |
| Á ekki við | 37% | 37% | 17% | 9% | 525 |
| Á við | 44% | 23% | 18% | 15% | 237 |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Leiguhúsnæði á alm. Leigumarkaði



Hlutfallslega flestir svarendur (89%) bjuggu í aðalíbúð (sjá töflu 32).

**Tafla 32. Hvað af eftirtöldu lýsir best því húsnæði sem þú býrð í?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Aðalíbúð | 646 | 89% | 89% |
| Aukaíbúð, til dæmis í kjallara eða í risi annarrar íbúðar | 43 | 6% | 6% |
| Herbergi eða hluta af óskiptri íbúð | 14 | 2% | 2% |
| Annað | 20 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **723** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 53 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tveir af hverjum þremur bjuggu í húsnæði sem var 150 fermetrar eða minna (sjá töflu 33).

**Tafla 33. Um það bil hversu stórt er íbúðarhúsnæðið í fermetrum?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Minna en 50 fermetrar | 23 | 3% | 3% |
| 51 – 100 fermetrar | 214 | 31% | 31% |
| 101 – 150 fermetrar | 234 | 34% | 34% |
| 151 – 200 fermetrar | 113 | 16% | 16% |
| 201 – 250 fermetrar | 60 | 9% | 9% |
| 251 – 300 fermetrar | 27 | 4% | 4% |
| Stærra en 300 fermetrar | 15 | 2% | 2% |
| **Fjöldi svara** | **686** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 90 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Í könnuninni var einnig spurt hversu mörg svefnherbergi væru í húsnæðinu. Mikil dreifing var á svörum en fæstir bjuggu í stúdíóíbúð (1%) eða í húsnæði með sjö eða fleiri herbergjum (1%). Algengast var að búa í húsnæði með þremur svefnherbergjum (33%) (sjá töflu 34).

### Tafla 34. Hversu mörg svefnherbergi eru í húsnæðinu?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Þetta er stúdíóíbúð | 7 | 1% | 1% |
| Eitt svefnherbergi | 46 | 7% | 7% |
| Tvö svefnherbergi | 142 | 21% | 21% |
| Þrjú svefnherbergi | 225 | 33% | 33% |
| Fjögur svefnherbergi | 180 | 26% | 26% |
| Fimm svefnherbergi | 57 | 8% | 8% |
| Sex svefnherbergi | 25 | 4% | 4% |
| Sjö eða fleiri svefnherbergi | 7 | 1% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **689** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 87 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tafla 35 sýnir dreifingu svara við mánaðarlegum húsnæðiskostnaði. Mikil dreifing var á svörum en fæstir voru til beggja enda, þ.e. greiddu lágt eða hátt verð. Hlutfallslega flestir, eða 23%, greiddu á bilinu 201 til 250 þúsund krónur á mánuði fyrir húsnæðið.

### Tafla 35. Að jafnaði, hver er mánaðarlegur húsnæðiskostnaður þinn eða fjölskyldunnar (ef við á)?

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Ég bý endurgjaldslaust | 13 | 2% | 2% |
| 50 þús. kr. eða minna | 9 | 1% | 1% |
| 51-100 þús. kr. | 23 | 3% | 3% |
| 101-150 þús. kr. | 60 | 9% | 9% |
| 151-200 þús. kr. | 114 | 16% | 16% |
| 201-250 þús. kr. | 158 | 23% | 23% |
| 251-300 þús. kr. | 109 | 16% | 16% |
| 301-350 þús. kr. | 91 | 13% | 13% |
| 351-450 þús. kr. | 71 | 10% | 10% |
| 451-550 þús. kr. | 28 | 4% | 4% |
| 551-650 þús. kr. | 14 | 2% | 2% |
| Yfir 650 þús. kr. | 8 | 1% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **698** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 78 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tafla 36 sýnir að meirihluti svarenda, eða 78%, fékk ekki greiddar húsnæðis eða vaxtabætur.

**Tafla 36. Færð þú og/eða maki þinn (ef við á) greiddar húsnæðis eða vaxtabætur?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 106 | 15% | 15% |
| Nei | 603 | 78% | 78% |
| **Fjöldi svara** | **709** | **93%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 67 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Einn af hverjum þremur fékk greiddar barnabætur (sjá töflu 37).

**Tafla 37. Færð þú og/eða maki þinn (ef við á) greiddar barnabætur? Ef svo er, með hve mörgum börnum?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Nei | 495 | 69% | 69% |
| Já, með einu barni | 126 | 18% | 18% |
| Já, með tveimur börnum | 68 | 10% | 10% |
| Já, með þremur börnum | 22 | 3% | 3% |
| Já, með fjórum börnum eða fleiri | 4 | 1% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **715** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 61 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Í heild sýna niðurstöður spurninga um aðstæður á heimili að mikill breytileiki er innan hóps foreldra sem ekki deila lögheimili með barni sínu. Flestir bjuggu í meðalstóru húsnæði en fáir bjuggu mjög þröngt eða í stóru húsnæði. Munur var á húsnæðisaðstæðum eftir því hvers konar hópa um ræddi og voru það hinir menntaminni og tekjulægri sem voru hvað líklegastir til að búa í leiguhúsnæði.

# Fjárhagsaðstæður foreldra sem ekki deila lögheimili með barni

Spurt var annars vegar hvort foreldrar hefðu efni á að fara árlega í vikulangt frí innanlands og hins vegar hvort þeir hefðu efni á að fara árlega í vikulangt frí til útlanda með barni eða börnum. Dreifingu svara má sjá í töflum 38 og 39. Alls töldu 78% sig hafa efni á að fara í vikulangt frí innanlands en öllu færri, eða 60%, töldu sig hafa efni á að fara í vikulangt frí út fyrir landsteinana.

**Tafla 38. Eins og staðan er í dag, hefðir þú og maki þinn (ef við á) efni á að fara árlega í vikulangt frí innanlands með barni/börnum fjarri heimilinu?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Já | 538 | 78% |
| Nei | 152 | 22% |
| **Fjöldi svara** | **690** | **100%** |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 86 | |
| **Alls** | **776** | |

**Tafla 39. Eins og staðan er í dag, hefðir þú og maki þinn (ef við á) efni á að fara árlega í vikulangt ferðalag með barni / börnum til útlanda?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Já | 408 | 60% |
| Nei | 270 | 40% |
| **Fjöldi svara** | **678** | **100%** |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 98 | |
| **Alls** | **776** | |

Þátttakendur sem ekki bjuggu með maka voru spurðir hvort þeir fengu meðlagsgreiðslur. Einungis 4% svarenda fengu reglulega greitt meðlag með barni eða börnum yngri en 18 ára (sjá töflu 40)

**Tafla 40. Færð þú reglulega greitt meðlag með barni eða börnum yngri en 18 ára?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Já | 17 | 4% |
| Nei | 372 | 96% |
| **Fjöldi svara** | **389** | **100%** |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 387 | |
| **Alls** | **776** | |

Þátttakendur sem voru í hjónabandi eða sambúð voru sömuleiðis spurðir hvort þeir eða maki þeirra fengju reglulega greitt meðlag. Alls sagði 21% svarenda það eiga við um sig en langalgengast var að makinn fengi meðlagsgreiðslurnar en ekki svarandinn (sjá töflu 41).

**Tafla 41. Færð þú eða maki þinn reglulega greitt meðlag með barni eða börnum yngri en 18 ára?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já, ég en ekki maki minn | 6 | 2% | 2% |
| Já, maki minn en ekki ég | 59 | 18% | 18% |
| Já, bæði ég og maki minn | 3 | 1% | 1% |
| Nei | 259 | 79% | 79% |
| **Fjöldi svara** | **327** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 449 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Ef svarandi eða maki fékk meðlagsgreiðslur var spurt með hversu mörgum börnum fékkst greitt meðlag. Algengast var að þátttakendur eða maki þeirra fengju meðlagsgreiðslur með einu barni (sjá töflu 42).

**Tafla 42. Með hversu mörgum börnum færð þú og/eða maki þinn (ef við á) meðlagsgreiðslur?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Einu barni | 59 | 71% | 71% |
| Tveimur börnum | 18 | 22% | 22% |
| Þremur börnum | 6 | 7% | 7% |
| **Fjöldi svara** | **83** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 693 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Þátttakendur, sem ekki bjuggu með maka, voru einnig spurðir hvort þeir greiddu sjálfir meðlag með barni eða börnum yngri en 18 ára. Eins og sjá má í töflu 43, greiddi ríflega helmingur meðlag.

**Tafla 43. Greiðir þú reglulega meðlag með barni eða börnum yngri en 18 ára?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 213 | 55% | 55% |
| Nei | 176 | 23% | 23% |
| **Fjöldi svara** | **389** | **77%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 387 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tafla 44 sýnir að karlar voru mun líklegri til að greiða meðlag mað barni en konur. Sömuleiðis voru foreldrar utan höfuðborgarsvæðisins líklegri en þeir sem bjuggu í Reykjavík og nágrenni til að greiða meðlag. Þá kom fram munur á svörum eftir menntunarstigi, en fólk sem lokið hafði starfs- eða iðnnámi var líklegra til að greiða meðlag með barni en þeir sem höfðu lokið grunnskólanámi, bóklegu námi á framhaldsskólastigi eða háskólanámi. Mikill meirihluti, eða 86% þeirra sem fóru ekki með forsjá eins eða fleiri barna, greiddi meðlag, sem kemur ekki á óvart. Á hinn bóginn vakti athygli að helmingur þeirra sem voru með sameiginlega forsjá greiddi meðlag með að minnsta kosti einu barni. Loks kom í ljós að meirihluti þeirra sem kváðu að minnsta kosti eitt barna sinna dvelja innan við sjö daga í mánuði á heimilinu, greiddi meðlag.

**Tafla 44. Greiðir þú reglulega meðlag með barni eða börnum yngri en 18 ára?**

| | Já | Nei | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda ****** | | | |
| Karl | 61% | 39% | 318 |
| Kona | 25% | 75% | 71 |
| ***Aldur svarenda*** | | | |
| Yngri en 35 ára | 40% | 60% | 42 |
| 35 til 39 ára | 53% | 47% | 64 |
| 40 til 44 ára | 55% | 45% | 101 |
| 45 ára eða eldri | 58% | 42% | 182 |
| ***Búseta svarenda **** | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 51% | 49% | 257 |
| Landsbyggðir | 63% | 37% | 132 |
| ***Menntun svarenda ****** | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 55% | 45% | 65 |
| Starfs- eða iðnnám | 70% | 30% | 91 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 43% | 57% | 42 |
| Grunnnám í háskóla | 52% | 48% | 102 |
| Framhaldsnám í háskóla | 41% | 59% | 79 |
| ***Tekjur svarenda*** | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 55% | 45% | 44 |
| 401- til 700 þús. kr. | 54% | 46% | 114 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 50% | 50% | 131 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 61% | 39% | 100 |
| ***Fer ekki með forsjá a.m.k. eins barns ****** | | | |
| Á ekki við | 52% | 48% | 346 |
| Á við | 86% | 14% | 29 |
| ***A.m.k. eitt barn innan við 7 daga á heimili ****** | | | |
| Á ekki við | 44% | 56% | 264 |
| Á við | 78% | 22% | 125 |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001




Þátttakendur, sem voru í sambúð eða í hjónabandi, voru spurðir hvort þeir eða maki þeirra greiddu reglulega meðlag með barni eða börnum yngri en 18 ára. Átti það við í tilfelli 62% svarenda. Langoftast var það svarandinn sem greiddi meðlag en ekki makinn (sjá töflu 45).

**Tafla 45. Greiðir þú eða maki þinn reglulega meðlag með barni eða börnum yngri en 18 ára?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já, ég en ekki maki minn | 184 | 57% | 57% |
| Já, maki minn en ekki ég | 9 | 3% | 3% |
| Já, bæði ég og maki minn | 6 | 2% | 2% |
| Nei | 124 | 38% | 38% |
| **Fjöldi svara** | **323** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 453 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tæplega helmingur þeirra sem greiddu meðlag sagðist greiða meðlag með einu barni en 39% svarenda greiddu meðlag með tveimur börnum (sjá töflu 46).

**Tafla 46. Með hversu mörgum börnum greiðir þú og / eða maki þinn (ef við á) meðlag?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Einu barni | 195 | 48% | 48% |
| Tveimur börnum | 160 | 39% | 39% |
| Þremur börnum | 48 | 12% | 12% |
| Fjórum börnum | 5 | 1% | 1% |
| Fimm börnum eða fleiri | 2 | 0% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **410** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 366 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Þá var spurt hvort kröfur vegna meðlagsgreiðslna væru gjaldfallnar hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga. Eins og sjá má í töflu 47, átti þetta við í tilfelli 11% svarenda.

**Tafla 47. Ert þú með gjaldfallnar kröfur vegna meðlagsgreiðslna hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 81 | 11% | 11% |
| Nei | 638 | 82% | 82% |
| **Fjöldi svara** | **719** | **93%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 57 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tafla 48 sýnir greiningu á svörum við spurningu um gjaldfallnar kröfur vegna meðlagsgreiðslna eftir nokkrum þáttum. Karlar voru líklegri en konur til að vera með gjaldfallnar kröfur vegna meðlagsgreiðslna. Einnig kom fram munur á dreifingu svara eftir menntunarstigi. Foreldrar sem ekki höfðu menntað sig að loknum grunnskóla eða höfðu lokið starfs- eða iðnnámi voru líklegri til að vera með gjaldfallnar kröfur en þeir sem lokið höfðu bóklegu námi á framhaldsskólastigi eða námi á háskólastigi. Foreldrar sem bjuggu í eigin húsnæði voru ólíklegri til að vera með gjaldfallnar kröfur vegna meðlagsgreiðslna en þeir sem bjuggu í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði eða í félagslegu leiguhúsnæði. Þá kom í ljós að með auknum tekjum dró úr líkum á að foreldrar, sem ekki deildu lögheimili með barni, væru með gjaldfallnar kröfur vegna meðlagsgreiðslna. Ef þátttakendur fóru ekki með forsjá að minnsta kosti eins barna sinna voru meiri líkur á að þeir væru í vanskilum með meðlagsgreiðslur en ef um sameiginlega forsjá var að ræða. Þá sýndu niðurstöður að eftir því sem þátttakendur greiddu meðlag með fleiri börnum, því mun meiri líkur voru á að þeir væru með gjaldfallnar kröfur hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga vegna meðlagsgreiðslna.

**Tafla 48. Ert þú með gjaldfallnar kröfur vegna meðlagsgreiðslna hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga? – Bakgrunnsgreining**

| | Já | Nei | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda *** | | | |
| Karl | 12% | 88% | 602 |
| Kona | 5% | 95% | 117 |
| ***Aldur svarenda*** | | | |
| Yngri en 35 ára | 12% | 88% | 93 |
| 35 til 39 ára | 11% | 89% | 129 |
| 40 til 44 ára | 9% | 91% | 207 |
| 45 ára eða eldri | 13% | 87% | 290 |
| ***Búseta svarenda*** | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 11% | 89% | 472 |
| Landsbyggðir | 11% | 89% | 247 |
| ***Menntun svarenda ***** | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 15% | 85% | 122 |
| Starfs- eða iðnnám | 17% | 83% | 172 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 6% | 94% | 78 |
| Grunnnám í háskóla | 8% | 92% | 187 |
| Framhaldsnám í háskóla | 7% | 93% | 144 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda ****** | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 7% | 93% | 279 |
| Eigin íbúð eða hæð | 6% | 94% | 233 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 28% | 72% | 120 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 16% | 84% | 81 |
| ***Tekjur svarenda ****** | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 28% | 72% | 64 |
| 401- til 700 þús. kr. | 16% | 84% | 183 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 7% | 93% | 256 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 7% | 93% | 216 |
| ***Fer ekki með forsjá a.m.k. eins barns*** | | | |
| Á ekki við | 11% | 89% | 594 |
| Á við | 16% | 84% | 43 |
| ***A.m.k. eitt barn innan við 7 daga á heimili **** | | | |
| Á ekki við | 9% | 91% | 489 |
| Á við | 16% | 84% | 230 |
| ***Fjöldi barna sem greitt er meðlag með ****** | | | |
| Ekkert | 2% | 98% | 300 |
| Eitt | 10% | 90% | 195 |
| Tvö | 21% | 79% | 159 |
| Þrjú eða fleiri | 34% | 66% | 65 |
| ***Hjúskaparstaða*** | | | |
| Í hjónabandi eða sambúð | 11% | 89% | 329 |
| Býr ekki með maka | 12% | 88% | 388 |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001



Tafla 49 sýnir að 40% svarenda áttu mjög eða frekar auðvelt með að láta enda ná saman fjárhagslega en 32% áttu frekar eða mjög erfitt með það.

**Tafla 49. Hversu auðvelt eða erfitt hefur það verið fyrir þig og fjölskyldu þína (ef við á) að ná endum saman fjárhagslega undanfarna 12 mánuði?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Mjög auðvelt | 143 | 20% | 20% |
| Frekar auðvelt | 145 | 20% | 20% |
| Hvorki auðvelt né erfitt | 196 | 27% | 27% |
| Frekar erfitt | 143 | 20% | 20% |
| Mjög erfitt | 88 | 12% | 12% |
| **Fjöldi svara** | **715** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 61 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Í Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands er spurt hversu auðvelt eða erfitt fólk á með að láta enda ná saman. Mynd 2 birtir samanburð á svörum úr könnuninni meðal foreldra sem ekki deila lögheimili með barni og svörum úr Lífskjararannsókninni árið 2021. Mynd 2 sýnir að lítill munur var á dreifingu svara í könnunum tveimur en við samanburð á svörum skal hafa hugfast að Lífskjararannsóknin nær til landsmanna 18 ára og eldri en aldursbilið var mun þrengra í könnuninni meðal foreldra sem ekki deildu lögheimili með barni.




**Mynd 2. Samanburður á fjárhagserfiðleikum foreldra sem ekki deila lögheimili með barni og fullorðinna á Íslandi, almennt**

Hlutfallslega flestir svarenda, eða 38% töldu fjölskyldu sína vera álíka vel stæða og aðrar fjölskyldur á Íslandi. Hlutfallslega fleiri töldu fjölskyldu sína vera betur stæða en fjölskyldur almennt en sem töldu fjölskyldu sína vera verr stæða (sjá töflu 50).

**Tafla 50. Hversu vel eða illa fjárhagslega stæð telur þú að fjölskylda þín sé miðað við aðrar fjölskyldur á Íslandi?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Miklu betur stæð | 20 | 3% | 3% |
| Töluvert betur stæð | 81 | 12% | 12% |
| Svolítið betur stæð | 168 | 25% | 25% |
| Álíka vel stæð | 259 | 38% | 38% |
| Svolítið verr stæð | 79 | 12% | 12% |
| Töluvert verr stæð | 54 | 8% | 8% |
| Miklu verr stæð | 18 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **679** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 97 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Alls höfðu 11% svarenda mjög miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni og 24% höfðu af henni frekar miklar áhyggjur (sjá töflu 51).

**Tafla 51. Hversu miklar eða litlar áhyggjur hefur þú af fjárhagsstöðu þinni?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Mjög miklar | 82 | 11% | 11% |
| Frekar miklar | 174 | 24% | 24% |
| Hvorki miklar né litlar | 206 | 29% | 29% |
| Frekar litlar | 133 | 19% | 19% |
| Mjög litlar | 62 | 9% | 9% |
| Engar | 60 | 8% | 8% |
| **Fjöldi svara** | **717** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 59 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu fjárhag sinn auka eða draga úr gæðum samverutíma síns og barns eða barna sem ekki deildu með þeim lögheimili. Álíka hátt hlutfall taldi fjárhaginn auka gæði samverustunda og sem taldi fjárhaginn draga úr gæðum samverustunda (sjá töflu 52).

**Tafla 52. Telur þú að fjárhagur þinn auki eða dragi úr gæðum samverutíma þíns og barns/barna þinna sem deila ekki með þér lögheimili?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Auki gæðin mikið | 54 | 8% | 8% |
| Auki gæðin nokkuð | 138 | 21% | 21% |
| Hvorki auki né dragi úr gæðum | 286 | 42% | 42% |
| Dragi nokkuð úr gæðum | 117 | 17% | 17% |
| Dragi mikið úr gæðum | 78 | 12% | 12% |
| **Fjöldi svara** | **673** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 103 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tafla 53 birtir niðurstöður um hvernig fjárhagur tengist gæðum samverustunda eftir bakgrunni svarenda. Karlar voru líklegri en konur til að telja fjárhag sinn auka gæði samverustunda, sem kann að skýrast af hærri tekjum karla. Íbúar höfuðborgarsvæðisins voru líklegri en landsbyggðafólk til að telja fjárhag sinn auka gæði samverustunda. Þá var skýr munur á dreifingu svara eftir menntunarstigi, en með aukinni menntun jukust líkur á því a fjárhagsstaða yki gæði samverustunda. Þá kom í ljós að foreldrar sem bjuggu í eigin húsnæði voru líklegri til að telja fjárhag sinn auka gæði samverutíma foreldris og barns en þeir sem leigðu húsnæði á almennum markaði eða bjuggu í félagslegu leiguhúsnæði. Með auknum tekjum jukust líkur á að svarendur teldu fjárhag sinn auka gæði samverutímans með barni eða börnum sem ekki deildu hjá þeim lögheimili. Þá kom í ljós að foreldrar sem deildu forsjá barnanna með öðru foreldri voru líklegri til að telja fjárhagsstöðu sína auka gæði samverustunda en foreldrar sem voru ekki með forsjá yfir að minnsta kosti einu barni. Loks var fólk í hjónabandi eða sambúð líklegra til að telja fjárhaginn auka gæði samverutímans en fólk sem ekki bjó með maka, sem kann að skýrast af betri fjárhagsstöðu heimila þar sem tveir fullorðnir búa.

**Tafla 53. Telur þú að fjárhagur þinn auki eða dragi úr gæðum samverutíma þíns og barns/barna þinna sem deila ekki með þér lögheimili?**

| | Auki gæðin | auki né dragi úr | Dragi úr gæðum | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda **** | | | | |
| Karl | 30% | 41% | 28% | 574 |
| Kona | 18% | 48% | 33% | 99 |
| ***Aldur svarenda*** | | | | |
| Yngri en 35 ára | 34% | 47% | 19% | 89 |
| 35 til 39 ára | 22% | 43% | 34% | 122 |
| 40 til 44 ára | 30% | 40% | 30% | 194 |
| 45 ára eða eldri | 29% | 43% | 29% | 268 |
| ***Búseta svarenda ***** | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 33% | 40% | 27% | 444 |
| Landsbyggðir | 20% | 48% | 32% | 229 |
| ***Menntun svarenda **** | | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 19% | 44% | 37% | 115 |
| Starfs- eða iðnnám | 26% | 41% | 33% | 162 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 27% | 45% | 28% | 74 |
| Grunnnám í háskóla | 31% | 40% | 29% | 178 |
| Framhaldsnám í háskóla | 39% | 44% | 17% | 134 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda ****** | | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 33% | 46% | 22% | 263 |
| Eigin íbúð eða hæð | 31% | 42% | 27% | 216 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 19% | 38% | 43% | 113 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 22% | 37% | 41% | 76 |
| ***Tekjur svarenda ****** | | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 12% | 31% | 58% | 59 |
| 401- til 700 þús. kr. | 14% | 41% | 44% | 174 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 27% | 48% | 25% | 242 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 47% | 41% | 12% | 198 |
| ***Fer ekki með forsjá a.m.k. eins barns*** | | | | |
| Á ekki við | 29% | 42% | 29% | 561 |
| Á við | 21% | 46% | 33% | 39 |
| ***A.m.k. eitt barn innan við 7 daga á heimili **** | | | | |
| Á ekki við | 31% | 44% | 25% | 459 |
| Á við | 24% | 40% | 36% | 214 |
| ***Hjúskaparstaða ****** | | | | |
| Í hjónabandi eða sambúð | 37% | 44% | 19% | 306 |
| Býr ekki með maka | 22% | 41% | 37% | 366 |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Auki gæðin




Tafla 54 sýnir að langstærstur hluti svarenda var með tekjur af launaðri vinnu. Þó voru 5% svarenda með örorkulífeyri. Það er álíka hátt hlutfall og í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um stöðu fólks á íslenskum vinnumarkaði. Í þeirri könnun var hlutfall öryrkja 6% og til viðbótar var ríflega eitt prósent bæði með örorkulífeyri og í

launaðri vinnu. Rannsóknin um stöðu fólks á íslenskum vinnumarkaði náði til tilviljunarúrtaks fólks á aldrinum 23 til 67 ára. Hér er ekki sýndur samanburður á dreifingu svara í könnununum tveimur sökum mismunandi orðalags spurninga. Í vinnumarkaðskönnuninni var spurt um núverandi stöðu á vinnumarkaði en í könnuninni meðal foreldra sem ekki deila lögheimili með barni var spurt hvaðan stærstur hluti tekna þeirra kæmi.

**Tafla 54. Hvaðan kemur stærsti hluti þinna tekna?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Tekjur sem launþegi | 521 | 73% | 73% |
| Tekjur sem sjálfstætt starfandi | 97 | 14% | 14% |
| Tekjur sem atvinnurekandi | 36 | 5% | 5% |
| Atvinnuleysisbætur | 3 | 0% | 0% |
| Fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi | 2 | 0% | 0% |
| Endurhæfingarlífeyrir | 10 | 1% | 1% |
| Örorkulífeyrir | 35 | 5% | 5% |
| Örorkustyrkur | 1 | 0% | 0% |
| Ellilífeyrir / lífeyrisgreiðslur | 1 | 0% | 0% |
| Námslán | 4 | 1% | 1% |
| Ég er tekjulaus | 6 | 1% | 1% |
| Annað | 1 | 0% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **717** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 59 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tafla 55 sýnir að mikil dreifing var á tekjum foreldra. Hlutfallslega flestir voru með á bilinu 701 til 900 þúsund krónur í mánaðartekjur, fyrir skatt.

**Tafla 55. Hverjar eru heildartekjur þínar að jafnaði á mánuði fyrir skatt?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 200 þús. kr. eða lægri | 13 | 2% | 2% |
| 201-300 þús. kr. | 14 | 2% | 2% |
| 301-400 þús. kr. | 37 | 6% | 6% |
| 401-500 þús. kr. | 39 | 6% | 6% |
| 501-600 þús. kr. | 71 | 11% | 11% |
| 601-700 þús. kr. | 75 | 11% | 11% |
| 701-900 þús. kr. | 150 | 23% | 23% |
| 901 þús. - 1,1 milljón kr. | 106 | 16% | 16% |
| 1,11-1,3 milljónir kr. | 57 | 9% | 9% |
| 1,31-1,5 milljónir kr. | 34 | 5% | 5% |
| 1,51-1,7 milljónir kr. | 28 | 4% | 4% |
| Yfir 1,7 milljónir kr. | 41 | 6% | 6% |
| **Fjöldi svara** | **665** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 111 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Í könnun Félagsvísindastofnunar árið 2022 um stöðu fólks á íslenskum vinnumarkaði voru hlutfallslega fleiri með tekjur undir 700 þúsundum króna og hlutfallslega færri með tekjur yfir 900 þúsundum króna en í könnuninni meðal foreldra sem ekki deila lögheimili með barni (sjá mynd 3). Þessi munur stafar af því að hlutfallslega flestir þátttakendur í foreldrakönnuninni voru karlar, og laun karla eru almennt hærri en kvenna. Séu einungis borin saman laun karla í könnununum tveimur, var launamunurinn lítill sem enginn.




**Mynd 3. Samanburður mánaðarlegum heildartekjum foreldra sem ekki deila lögheimili með barni og fullorðinna á Íslandi, almennt**

Í heild sýna niðurstöður um fjárhagsaðstæður foreldra, sem ekki deila lögheimili með barni, að mikill breytileiki er innan hópsins og hlutfall þeirra sem upplifa fjárhagserfiðleika er svipað og meðal fólks á Íslandi, almennt. Fjárhagserfiðleikar eru mismiklir eftir aðstæðum hverju sinni. Til dæmis jukust líkur á að foreldrar væru í vanskilum með meðlagsgreiðslur eftir því sem þeir áttu fleiri börn sem þeir greiddu meðlag með. Sömuleiðis voru meiri líkur á að foreldrar væru með gjaldfallnar kröfur vegna meðlagsgreiðslna ef barn þeirra dveldi fáa daga í mánuði á heimilinu.

## Ofbeldi og mismunun

Í könnuninni voru nokkrar spurningar um ofbeldi og mismunun. Tafla 56 sýnir að stór hluti þátttakenda, eða 59%, hafði upplifað mismunun vegna þess að þeir áttu barn sem ekki deildi með þeim lögheimili.

**Tafla 56. Hefur þú upplifað mismunun vegna þess að barn þitt/börnin þín eru ekki með lögheimili hjá þér?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Já | 389 | 59% | 59% |
| Nei | 274 | 41% | 41% |
| **Fjöldi svara** | **663** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 113 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Bakgrunnsgreining á spurningu um hvort foreldrar höfðu upplifað mismunun leiddi í ljós að foreldrar af höfuðborgarsvæðinu höfðu frekar upplifað mismunun en landsbyggðaforeldrar. Þá voru meiri líkur á að foreldrar höfðu upplifað mismunun ef að minnsta kosti eitt barna þeirra dvaldi innan við sjö daga í mánuði á heimili þeirra yfir nótt en ef dvöl barnsins eða barnanna var lengri (sjá töflu 57).

**Tafla 57. Hefur þú upplifað mismunun vegna þess að barn þitt/börnin þín eru ekki með lögheimili hjá þér? - Bakgrunnsgreining**

| | Já | Nei | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda*** | | | |
| Karl | 60% | 40% | 555 |
| Kona | 51% | 49% | 108 |
| ***Aldur svarenda*** | | | |
| Yngri en 35 ára | 56% | 44% | 84 |
| 35 til 39 ára | 52% | 48% | 121 |
| 40 til 44 ára | 64% | 36% | 195 |
| 45 ára eða eldri | 59% | 41% | 263 |
| ***Búseta svarenda ***** | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 63% | 37% | 444 |
| Landsbyggðir | 50% | 50% | 219 |
| ***Menntun svarenda*** | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 50% | 51% | 105 |
| Starfs- eða iðnnám | 64% | 36% | 154 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 50% | 50% | 76 |
| Grunnnám í háskóla | 60% | 40% | 182 |
| Framhaldsnám í háskóla | 62% | 38% | 136 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda*** | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 60% | 40% | 261 |
| Eigin íbúð eða hæð | 61% | 39% | 217 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 54% | 46% | 110 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 56% | 44% | 72 |
| ***Tekjur svarenda*** | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 63% | 37% | 60 |
| 401- til 700 þús. kr. | 53% | 47% | 167 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 59% | 41% | 243 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 61% | 39% | 193 |
| ***Fer ekki með forsjá a.m.k. eins barns*** | | | |
| Á ekki við | 59% | 41% | 553 |
| Á við | 54% | 46% | 39 |
| ***A.m.k. eitt barn innan við 7 daga á heimili **** | | | |
| Á ekki við | 61% | 39% | 457 |
| Á við | 53% | 47% | 206 |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001




Þátttakendur sem upplifðu mismunun voru beðnir að lýsa því í hverju mismununin fólst. Í töflu 58 er búið að flokka svörin í þrjá flokka. Mikið var um að foreldrar upplifðu mismunun vegna þess að bætur og greiðslur sem fylgja barninu fara til lögheimilisforeldris og sömuleiðis nefndi stór hluti svarenda að öllum upplýsingum um barnið væri beint til lögheimilisforeldris. Þá þótti lögheimilisskráningin bitna á daglegu lífi svarenda, svo sem samskiptum við barnið og ákvörðunum er varða barnið.

**Tafla 58. Hvernig myndir þú lýsa mismununinni?**

| Flokkar | Fjöldi | Dæmi um athugasemdir |
|---|---|---|
| Fjárhagsleg áhrif einstæðra foreldra | 106 | |
| Mismunun á barnabótum | 56 | Barnabætur og aðgangur að upplýsingum er snerta þau ekki nægjanlega aðgengilegar |
| Mismunun á meðlagsgreiðslum | 44 | Meðlagsgreiðslur þrátt fyrir að börn séu viku og viku hjá föður og móður og þau hafa bæði framfærsluskyldu að lögum |
| Annað fjárhagstengt | 16 | Hef ekki efni á að bjoða þeim t.d. út að borða eða í bíó á meðan það er gert á hinum staðnum |
| Mismunun á systkinaafslætti/tómstundastyrkjum | 4 | Ekki systkinaafsláttur á frístundanámskeið |
| Ójafn aðgangur að upplýsingum og stuðningi | 205 | |
| Ójafnt aðgengi að heilbrigðiskerfi | 97 | Aðgangur inná Heilsuveru: - Get ekki nálgast heilsufarsupplýsingar um barnið mitt - Þarf umboð frá móður til þess að leysa út lyfseðla fyrir barnið mitt |
| Ójafnt aðgengi að tómstundum barnanna | 62 | Fæ í mörgum tilfellum ekki að skrá hana í tómstundir eða annað. Samkvæmt einhverjum eyðublöðum og skattinum t.d er eins og ég eigi ekki barnið |
| Annað tengt upplýsingum og stuðningi | 54 | Í sumum tilfellum sé ég ekki börnin mín í hinum ýmsu rafrænum kerfum |
| Ójafnt aðgengi að skólakerfi | 50 | T.d. varðandi skólamál — ég get ekki haft samband við skóla og óskað eftir neinum breytingum nema lögheimilisforeldri samþykki það |
| Ójafnt aðgengi að bankaþjónustu | 47 | Átti t.d. ekki að fá að stofna bankareikning fyrir barnið með barninu í banka |
| Áhrif á daglegt líf | 72 | |
| Ákvarðanir er varða barnið | 28 | Hitt foreldrið gat ákveðið - í krafti lögheimilis - að barnið skyldi hefja lyfjameðferð, þegar ég vildi reyna sálfræðimeðferð fyrst |
| Samvera með börnunum | 23 | Ég fæ miklu færri gæðastundir með barni mínu en fyrverandi maki |
| Búsetuvandamál | 12 | Þar sem lögheimilisforeldri getur einhliða tekið ákvörðun um búsetu innanlands og skóla sem börnin ganga í er ég í stöðugri óvissu um það hvort móðirin kunni að flytja með börnin í annað sveitarfélag eða annað hverfi innan sama sveitarfélags sem mundi gera allar samgöngur og tómstundir erfiðari fyrir mig sem umgengnisforeldri |
| Réttindaleysi | 11 | Er með 50% forræði, atvik hafa komið upp þar sem mér er tjáð að ég hafi engan rétt |
| Skipulag vinnu og frítíma | 2 | Erfiðara að finna vinnuskipulag sem hentar mér. Ég vinn því minna vikuna sem ég er með barnið mitt og meira vikuna sem ég er án þess |

Tafla 59 sýnir að nokkuð stór hópur, höfðu upplifað ofbeldi af hendi hins foreldrisins og var yfirleitt um að ræða andlegt ofbeldi, eða í tilviki 38% svarenda,.

**Tafla 59. Hefur þú orðið fyrir andlegu eða líkamlegu ofbeldi af hálfu móður/föður barns þíns úr fyrra sambandi eftir að þið slituð samvistum?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Nei | 380 | 56% | 56% |
| Já, líkamlegu ofbeldi | 2 | 0% | 0% |
| Já, andlegu ofbeldi | 260 | 38% | 38% |
| Já, bæði andlegu og líkamlegu ofbeldi | 39 | 6% | 6% |
| **Fjöldi svara** | **681** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 95 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Eins og sjá má í töflu 60 sagðist 71% þeirra sem höfðu ekki forsjá yfir barni hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi hins foreldrisins en hið sama átti við um 43% þeirra sem voru með sameiginlega forsjá. Sömuleiðis kom í ljós að yfir helmingur þeirra sem sagði að minnsta kosti eitt barna sinna dvelja innan við sjö daga í mánuði á heimili sínu hafði orðið fyrir ofbeldi af hendi fyrrverandi maka en hlutfallið var mun lægra, eða 40%, meðal foreldra sem voru með sameiginlega forsjá.

### Tafla 60. Hefur þú orðið fyrir andlegu eða líkamlegu ofbeldi af hálfu móður/föður barns þíns úr fyrra sambandi eftir að þið slituð samvistum? - Bakgrunnsgreining

| | Nei | Já | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda*** | | | |
| Karl | 57% | 43% | 573 |
| Kona | 49% | 51% | 108 |
| ***Aldur svarenda*** | | | |
| Yngri en 35 ára | 53% | 47% | 85 |
| 35 til 39 ára | 52% | 48% | 123 |
| 40 til 44 ára | 56% | 44% | 197 |
| 45 ára eða eldri | 58% | 42% | 276 |
| ***Búseta svarenda*** | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 58% | 42% | 451 |
| Landsbyggðir | 51% | 49% | 230 |
| ***Menntun svarenda*** | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 55% | 45% | 118 |
| Starfs- eða iðnnám | 57% | 43% | 165 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastig | 53% | 47% | 78 |
| Grunnnám í háskóla | 54% | 46% | 178 |
| Framhaldsnám í háskóla | 59% | 41% | 133 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda*** | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 52% | 48% | 257 |
| Eigin íbúð eða hæð | 61% | 39% | 229 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarka | 58% | 42% | 115 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / anna | 50% | 50% | 74 |
| ***Tekjur svarenda*** | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 47% | 53% | 59 |
| 401- til 700 þús. kr. | 52% | 48% | 177 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 59% | 41% | 246 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 57% | 43% | 199 |
| ***Fer ekki með forsjá a.m.k. eins barns ****** | | | |
| Á ekki við | 57% | 43% | 568 |
| Á við | 29% | 71% | 41 |
| ***A.m.k. eitt barn innan við 7 daga á heimili ****** | | | |
| Á ekki við | 60% | 40% | 460 |
| Á við | 47% | 53% | 221 |




Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Tafla 61 sýnir að ríflega fjórðungur svarenda hafði einhvern tíma lent í því að foreldri barns úr fyrra sambandi stæði í vegi fyrir umgengni við barnið. Alls fengu 18 svarendur, eða 3% þeirra, ekki að hitta barnið sitt eða börnin.

**Tafla 61. Hefur foreldri barns úr fyrra sambandi staðið í vegi fyrir því að þú getir umgengist barn þitt?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Nei | 508 | 73% | 73% |
| Já, það hefur komið fyrir en sjaldan | 122 | 17% | 17% |
| Já, oft | 51 | 7% | 7% |
| Já, eins og staðan er í dag fæ ég ekki að hitta barnið/börnin | 18 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **699** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 77 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tafla 62 sýinir að foreldrar utan höfuðborgarsvæðisins voru líklegri en foreldrar á höfuðborgarsvæðinu til að segja það oft eða alltaf koma fyrir að foreldri barns úr fyrra sambandi stæði í vegi fyrir umgengni. Þriðjungur forsjárlausra foreldra sagði það oft eða alltaf koma fyrir að hitt foreldri barnsins kæmi í veg fyrir umgengni. Til samanburðar var hlutfallið 8% meðal foreldra sem fóru sameiginlega með forsjá barns. Einnig voru sterk tengsl á milli dvalar barna á heimili svarenda og þess hvernig þeir svöruðu spurningunni um tálmun á umgengni. Alls sögðu 20% þeirra sem áttu barn sem dvaldi innan við sjö daga í mánuði á heimili þeirra að foreldri frá fyrra sambandi stæði oft eða alltaf í veg fyrir umgengni. Hlutfallið var mun lægra, eða 5%, meðal þeirra sem sögðu barnið eða börnin dvelja lengur á heimili þeirra í mánuði hverjum.

**Tafla 62. Hefur foreldri barns úr fyrra sambandi staðið í vegi fyrir því að þú getir umgengist barn þitt? — Bakgrunnsgreining**

| | Nei | Já, en sjaldan | Já, oft eða alltaf | Fjöldi svara | Já, oft eða alltaf |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda*** | | | | | |
| Karl | 71% | 18% | 11% | 525 | 11% |
| Kona | 81% | 14% | 5% | 105 | 5% |
| ***Aldur svarenda*** | | | | | |
| Yngri en 35 ára | 66% | 22% | 13% | 77 | 13% |
| 35 til 39 ára | 77% | 13% | 10% | 116 | 10% |
| 40 til 44 ára | 73% | 18% | 9% | 183 | 9% |
| 45 ára eða eldri | 73% | 17% | 10% | 254 | 10% |
| ***Búseta svarenda **** | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 76% | 15% | 9% | 420 | 9% |
| Landsbyggðir | 66% | 22% | 12% | 210 | 12% |
| ***Menntun svarenda*** | | | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 69% | 20% | 12% | 107 | 12% |
| Starfs- eða iðnnám | 71% | 20% | 10% | 152 | 10% |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 75% | 16% | 9% | 70 | 9% |
| Grunnnám í háskóla | 76% | 15% | 9% | 168 | 9% |
| Framhaldsnám í háskóla | 74% | 17% | 9% | 127 | 9% |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda*** | | | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 69% | 20% | 11% | 241 | 11% |
| Eigin íbúð eða hæð | 77% | 14% | 9% | 205 | 9% |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 75% | 17% | 8% | 109 | 8% |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 67% | 20% | 13% | 69 | 13% |
| ***Tekjur svarenda*** | | | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 70% | 22% | 8% | 58 | 8% |
| 401- til 700 þús. kr. | 72% | 17% | 11% | 159 | 11% |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 75% | 16% | 9% | 226 | 9% |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 72% | 18% | 10% | 187 | 10% |
| ***Fer ekki með forsjá a.m.k. eins barns ****** | | | | | |
| Á ekki við | 75% | 17% | 8% | 534 | 8% |
| Á við | 41% | 24% | 34% | 27 | 34% |
| ***A.m.k. eitt barn innan við 7 daga á heimili ****** | | | | | |
| Á ekki við | 81% | 14% | 5% | 449 | 5% |
| Á við | 56% | 24% | 20% | 181 | 20% |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001




Sem fyrr segir fengu 18 svarendur ekki að hitta barn sitt eða börn. Þessir svarendur voru spurðir hve lengi tálmun á umgengni hafi staðið yfir. Oftast hafði slíkt staðið yfir í meira en eitt ár (sjá töflu 63).

**Tafla 63. Hversu lengi hefur tálmun á umgengni staðið yfir?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Innan við mánuð | 0 | 0% | 0% |
| 1-2 mánuði | 0 | 0% | 0% |
| Meira en tvo mánuði en minna en hálft ár | 2 | 11% | 11% |
| Hálft ár til ár | 5 | 28% | 28% |
| Lengur en eitt ár | 11 | 61% | 61% |
| **Fjöldi svara** | **18** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 758 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Í heild sýna niðurstöður spurninga um ofbeldi og mismunun að töluvert er um að foreldrar sem ekki deila lögheimili með barni telji sig verða fyrir misrétti. Á það einkum við um foreldra sem eiga barn sem dvelur stutt á heimili þeirra og sem segja hitt foreldrið fara eitt með forsjá barns.

# Heilsa og líðan

Í lok könnunarinnar voru nokkrar spurningar um heilsu og líðan. Eins og sjá má í töflu 64 glímdi fjórðungur foreldra við langvarandi veikindi eða önnur heilsufarsleg vandamál sem höfðu áhrif á daglegt líf.

**Tafla 64. Glímir þú við einhver langvarandi veikindi eða önnur heilsufarsleg vandamál sem hafa áhrif á daglegt líf þitt?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | |
|---|---|---|---|
| Nei | 542 | 76% | 76% |
| Já, að takmörkuðu leyti | 119 | 17% | 17% |
| Já, að miklu leyti | 51 | 7% | 7% |
| **Fjöldi svara** | **712** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 64 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tafla 65 birtir dreifingu við spurningu um mat á andlegri heilsu. Þátttakendur voru beðnir að meta andlega heilsu sína á kvarða frá 0 til 10. Meðaltal á kvarðanum var 7,3 (staðalfrávik = 2,1) sem táknar að almennt hafi svarendur metið andlega heilsu nokkuð góða.

**Tafla 65. Hvernig metur þú almennt andlega heilsu þína?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 0 - Mjög slæm | 4 | 1% | 1% |
| 1 | 8 | 1% | 1% |
| 2 | 9 | 1% | 1% |
| 3 | 26 | 4% | 4% |
| 4 | 33 | 5% | 5% |
| 5 - Hvorki góð né slæm | 62 | 9% | 9% |
| 6 | 58 | 8% | 8% |
| 7 | 110 | 15% | 15% |
| 8 | 204 | 29% | 29% |
| 9 | 104 | 15% | 15% |
| 10 - Mjög góð | 95 | 13% | 13% |
| **Fjöldi svara** | **713** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 63 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Í könnun sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið árið 2022, um stöðu fólks á aldrinum 23 til 67 ára á íslenskum vinnumarkaði, var spurt bæði um andlega og líkamlega heilsu á fimm punkta raðkvarða, þ.e. hvort heilsan væri mjög góð, góð, sæmileg, léleg eða mjög léleg. Sé litið svo á að gildi frá 9 til 10 á heilsukvarða, í könnuninni meðal foreldra, tákni mjög góða heilsu, gildi frá 7 til 8 tákni góða heilsu, gildi frá 5 til 6 tákni sæmilega heilsu, gildi frá 3 til 4 tákni lélega heilsu og að gildi frá 0 til 2 tákni mjög slæma heilsu er unnt að bera saman svör milli kannananna tveggja. Við samanburðinn skal þó hafa mismunandi svarkvarða í huga en munur á orðalagi og fjölda svarmöguleika gerir það að verkum að gögnin eru ekki fyllilega samanburðarhæf. Samanburðurinn leiddi í ljós að ívið hærra hlutfall foreldra taldi sig búa við lélega eða mjög lélega heilsu (12%) en svarenda í könnuninni um stöðu fólks á vinnumarkaði (7%) (sjá mynd 4). Öryggisbil í kringum hlutfall þeirra sem bjuggu við lélega eða mjög lélega heilsu var frá 6% til 8% í könnun um stöðu fólks á vinnumarkaði og 9% til 14% í könnuninni meðal foreldra sem ekki deildu lögheimili með barni. Þar sem öryggisbilin skarast ekki, er munurinn á hlutföllunum tölfræðilega marktækur.




**Mynd 4. Samanburður á andlegri heilsu foreldra sem ekki deila lögheimili með barni og fullorðinna á Íslandi, almennt**

Bakgrunnsgreining á svörum foreldra leiddi í ljós að með auknum aldri hækkaði hlutfall þeirra sem töldu sig búa við mjög góða andlega heilsu (gildi frá 9 til 10 á kvarða). Foreldrar sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi og foreldrar sem lokið höfðu námi á háskólastigi voru líklegri til að búa við mjög góða andlega heilsu en aðrir menntunarhópar. Þá kom í ljós að foreldrar sem bjuggu í eigin húsnæði mátu andlega heilsu sína almennt betri en foreldrar á leigumarkaði. Einnig hækkaði hlutfall þeirra sem bjuggu við mjög góða andlega heilsu með auknum tekjum. Loks sýndu niðurstöður að ef eitt eða fleiri barna svarenda dvöldu innan við sjö daga í mánuði á heimili þeirra, voru minni líkur á að viðkomandi mæti andlega heilsu sína mjög góða en ef barnið eða börnin dvöldu lengur á heimilinu (sjá töflu 66).

## Tafla 66. Hvernig metur þú almennt andlega heilsu þína? – Bakgrunnsgreining

| | 0 til 6 á kvarða | 7 til 8 á kvarða | 9 til 10 á kvarða | Fjöldi svara | 9 til 10 á kvarða |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda*** | | | | | |
| Karl | 28% | 44% | 28% | 598 | 28% |
| Kona | 29% | 46% | 25% | 115 | 25% |
| ***Aldur svarenda **** | | | | | |
| Yngri en 35 ára | 40% | 40% | 21% | 91 | 21% |
| 35 til 39 ára | 30% | 46% | 24% | 128 | 24% |
| 40 til 44 ára | 29% | 46% | 25% | 208 | 25% |
| 45 ára eða eldri | 23% | 43% | 34% | 286 | 34% |
| ***Búseta svarenda*** | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 26% | 45% | 29% | 470 | 29% |
| Landsbyggðir | 32% | 42% | 26% | 243 | 26% |
| ***Menntun svarenda ***** | | | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 38% | 42% | 20% | 122 | 20% |
| Starfs- eða iðnnám | 28% | 39% | 33% | 174 | 33% |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 37% | 44% | 19% | 78 | 19% |
| Grunnnám í háskóla | 24% | 49% | 28% | 187 | 28% |
| Framhaldsnám í háskóla | 19% | 46% | 35% | 142 | 35% |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda ****** | | | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 21% | 43% | 36% | 274 | 36% |
| Eigin íbúð eða hæð | 25% | 48% | 26% | 231 | 26% |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 41% | 41% | 17% | 121 | 17% |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 40% | 41% | 20% | 81 | 20% |
| ***Tekjur svarenda ****** | | | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 52% | 31% | 17% | 64 | 17% |
| 401 til 700 þús. kr. | 35% | 44% | 21% | 184 | 21% |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 25% | 45% | 30% | 254 | 30% |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 18% | 46% | 35% | 211 | 35% |
| ***Fer ekki með forsjá a.m.k. eins barns*** | | | | | |
| Á ekki við | 28% | 45% | 27% | 593 | 27% |
| Á við | 32% | 34% | 34% | 41 | 34% |
| ***A.m.k. eitt barn innan við 7 daga á heimili ***** | | | | | |
| Á ekki við | 24% | 47% | 29% | 484 | 29% |
| Á við | 36% | 38% | 26% | 229 | 26% |
| ***Samskipti við foreldri a.m.k. eins barns eru slæm*** | | | | | |
| Á ekki við | 27% | 45% | 28% | 495 | 28% |
| Á við | 33% | 39% | 28% | 164 | 28% |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

0% 25% 50% 75% 100%

Í könnuninni var jafnframt spurt um líkamlega heilsu. Dreifing svara við spurningunni var svipuð og þegar spurt var um andlega heilsu. Meðaltal á kvarða frá 0 til 10 var 7,4 (staðalfrávik = 1,9). Að jafnaði mátu foreldrar líkamlega heilsu sína því nokkuð góða (sjá töflu 67).

**Tafla 67. Hvernig metur þú almennt líkamlega heilsu þína?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 0 - Mjög slæm | 4 | 1% | 1% |
| 1 | 0 | 0% | 0% |
| 2 | 8 | 1% | 1% |
| 3 | 19 | 3% | 3% |
| 4 | 30 | 4% | 4% |
| 5 - Hvorki góð né slæm | 64 | 9% | 9% |
| 6 | 69 | 10% | 10% |
| 7 | 127 | 18% | 18% |
| 8 | 182 | 25% | 25% |
| 9 | 121 | 17% | 17% |
| 10 - Mjög góð | 91 | 13% | 13% |
| **Fjöldi svara** | **715** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 61 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Í könnuninni um stöðu fólks á íslenskum vinnumarkaði reyndust 27% búa við mjög góða líkamlega heilsu og 43% búa við góða líkamlega heilsu, sem voru svipuð hlutföll og meðal svarenda í könnuninni meðal foreldra sem ekki deildu lögheimili með barni sínu (sjá mynd 5). Reiknuð voru öryggisbil hlutfalla. Þar sem skörun var á öryggisbilum hlutfalla í könnuninni meðal foreldra og í þjóðarúrtakinu var ekki tölfræðilega marktækur munur á dreifingu svara við spurningu um líkamlega heilsu í könnunum tveimur.




**Mynd 5. Samanburður á líkamlegri heilsu foreldra sem ekki deila lögheimili með barni og fullorðinna á Íslandi, almennt**

Bakgrunnsgreining á svörum foreldra leiddi í ljós að foreldrar sem höfðu ekki menntað sig að loknum grunnskóla og foreldrar sem lokið höfðu bóklegu námi á framhaldsskólastigi voru ólíklegri til að telja sig búa við mjög góða líkamlega heilsu en foreldrar sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi eða námi á háskólastigi. Líkamleg heilsa var einnig betri meðal þeirra sem bjuggu í eigin húsnæði en þeirra sem bjuggu í leiguhúsnæði. Loks jukust líkur á mjög góðri líkamlegri heilsu með tekjum foreldra (sjá töflu 68).

**Tafla 68. Hvernig metur þú almennt líkamlega heilsu þína? – Bakgrunnsgreining**

| | 0 til 6 á kvarða | 7 til 8 á kvarða | 9 til 10 á kvarða | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda*** | | | | |
| Karl | 27% | 43% | 30% | 600 |
| Kona | 28% | 43% | 30% | 115 |
| ***Aldur svarenda*** | | | | |
| Yngri en 35 ára | 29% | 44% | 27% | 91 |
| 35 til 39 ára | 26% | 52% | 23% | 128 |
| 40 til 44 ára | 29% | 37% | 34% | 208 |
| 45 ára eða eldri | 26% | 44% | 30% | 288 |
| ***Búseta svarenda*** | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 25% | 43% | 32% | 472 |
| Landsbyggðir | 32% | 43% | 25% | 243 |
| ***Menntun svarenda ****** | | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 43% | 39% | 18% | 122 |
| Starfs- eða iðnnám | 26% | 40% | 34% | 174 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 32% | 49% | 19% | 79 |
| Grunnnám í háskóla | 23% | 47% | 30% | 188 |
| Framhaldsnám í háskóla | 17% | 43% | 40% | 142 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda ****** | | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 22% | 45% | 33% | 274 |
| Eigin íbúð eða hæð | 20% | 47% | 33% | 232 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 44% | 36% | 21% | 121 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 40% | 40% | 21% | 81 |
| ***Tekjur svarenda ****** | | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 53% | 28% | 19% | 64 |
| 401 til 700 þús. kr. | 32% | 46% | 22% | 185 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 24% | 43% | 33% | 255 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 18% | 45% | 36% | 211 |
| ***Fer ekki með forsjá a.m.k. eins barns*** | | | | |
| Á ekki við | 28% | 42% | 31% | 595 |
| Á við | 27% | 54% | 20% | 41 |
| ***A.m.k. eitt barn innan við 7 daga á heimili*** | | | | |
| Á ekki við | 27% | 43% | 30% | 486 |
| Á við | 28% | 43% | 29% | 229 |
| ***Samskipti við foreldri a.m.k. eins barns eru slæm*** | | | | |
| Á ekki við | 27% | 44% | 28% | 497 |
| Á við | 29% | 37% | 35% | 164 |




Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Tafla 69 sýnir dreifingu svara við spurningu um hamingju. Langflestir staðsettu sig fyrir ofan miðju á kvarða sem náði frá 0 til 10. Meðaltal kvarðans var 7,3 (staðalfrávik = 2,0). Til samanburðar var meðaltal á hamingjukvarða í evrópsku félagsvísindakönnuninni (European Social Survey) 8,1 (staðalfrávik = 1,9) í gögnunum sem var aflað á Íslandi árið 2021 til 2022. Þannig virðist fólk á Íslandi almennt vera hamingjusamara en foreldrar sem ekki deila lögheimili með barni sínu.

**Tafla 69. Þegar á heildina er litið, hversu hamingjusama(n) telur þú þig vera?**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 0 - Mjög óhamingjusöm/-samur | 2 | 0% | 0% |
| 1 | 4 | 1% | 1% |
| 2 | 11 | 2% | 2% |
| 3 | 27 | 4% | 4% |
| 4 | 22 | 3% | 3% |
| 5 - Hvorki né | 72 | 10% | 10% |
| 6 | 68 | 10% | 10% |
| 7 | 128 | 18% | 18% |
| 8 | 183 | 26% | 26% |
| 9 | 105 | 15% | 15% |
| 10 - Mjög hamingjusöm/-samur | 87 | 12% | 12% |
| **Fjöldi svara** | **709** | **100%** | |
| Vil ekki svara/Á ekki við | 67 | | |
| **Alls** | **776** | | |

Tafla 68 birtir dreifingu svara við spurningu um hamingju eftir bakgrunni þátttakenda. Foreldrar sem höfðu lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi voru ólíklegri til að segjast vera mjög hamingjusamir (gildi frá 9 til 10 á kvarða) en aðrir menntunarhópar. Þriðjungur þeirra sem bjuggu í eigin einbýlishúsi, parhúsi eða raðhúsi kváðust vera mjög hamingjusamir en hlutfallið var öllu lægra, eða 18%, meðal þeirra sem bjuggu í félagslegu leiguhúsnæði. Með auknum tekjum jukust líkur á að foreldrar teldu sig vera mjög hamingjusama. Loks kom í ljós að ef foreldrar áttu barn eða börn sem dvöldu innan við sjö daga í mánuði á heimili þeirra, voru minni líkur á að þeir væru mjög hamingjusamir en ef barnið eða börnin dvöldu lengur á heimilinu.

**Tafla 70. Þegar á heildina er litið, hversu hamingjusama(n) telur þú þig vera? - Bakgrunnsgreining**

| | 0 til 6 á kvarða | 7 til 8 á kvarða | 9 til 10 á kvarða | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|
| ***Kyn svarenda*** | | | | |
| Karl | 30% | 44% | 26% | 594 |
| Kona | 24% | 42% | 34% | 115 |
| ***Aldur svarenda*** | | | | |
| Yngri en 35 ára | 35% | 36% | 29% | 91 |
| 35 til 39 ára | 27% | 45% | 28% | 126 |
| 40 til 44 ára | 28% | 43% | 28% | 208 |
| 45 ára eða eldri | 29% | 46% | 25% | 284 |
| ***Búseta svarenda*** | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 28% | 45% | 27% | 468 |
| Landsbyggðir | 31% | 42% | 27% | 241 |
| ***Menntun svarenda ***** | | | | |
| Grunnskólanám eða minna | 39% | 36% | 26% | 121 |
| Starfs- eða iðnnám | 30% | 41% | 29% | 171 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 34% | 49% | 16% | 79 |
| Grunnnám í háskóla | 26% | 47% | 28% | 187 |
| Framhaldsnám í háskóla | 18% | 49% | 32% | 142 |
| ***Húsnæðisaðstæður svarenda ****** | | | | |
| Eigin einbýlis-, par- eða raðhús | 20% | 46% | 34% | 272 |
| Eigin íbúð eða hæð | 29% | 46% | 25% | 231 |
| Leiguhúsnæði á alm. leigumarkaði | 42% | 37% | 22% | 120 |
| Félagslegu leiguhúsnæði / annað | 44% | 39% | 18% | 80 |
| ***Tekjur svarenda ****** | | | | |
| 400 þús. kr. eða lægri | 42% | 34% | 23% | 64 |
| 401 til 700 þús. kr. | 39% | 41% | 21% | 185 |
| 701 þús. til 1,1 milljón kr. | 26% | 47% | 27% | 253 |
| Yfir 1,1 milljón kr. | 20% | 45% | 34% | 207 |
| ***Fer ekki með forsjá a.m.k. eins barns*** | | | | |
| Á ekki við | 29% | 45% | 26% | 590 |
| Á við | 40% | 35% | 25% | 40 |
| ***A.m.k. eitt barn innan við 7 daga á heimili ***** | | | | |
| Á ekki við | 25% | 46% | 29% | 484 |
| Á við | 38% | 39% | 23% | 225 |
| ***Samskipti við foreldri a.m.k. eins barns eru slæm*** | | | | |
| Á ekki við | 28% | 44% | 27% | 495 |
| Á við | 34% | 41% | 24% | 160 |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001




Í heild sýna niðurstöður að foreldrar sem ekki deila lögheimili með barni sínu búa við misjafna heilsu og líðan. Hlutfallslega flestir meta andlega og líkamlega heilsu góða en þó er algengara að þessi hópur búi við lélega andlega heilsu en fullorðnir á Íslandi, almennt. Sömuleiðis er meðaltal á kvarða yfir hamingju lægra en í þjóðarúrtaki fullorðinna. Dvöl barns á heimili er einn þáttur sem

tengist andlegri heilsu og hamingju, en foreldrar sem kváðu a.m.k. eitt barna sinna dvelja fáa daga á heimili þeirra bjuggu almennt við lakari andlega heilsu.

## NIÐURLAG

Rannsóknin veitir mikilvæga innsýn í aðstæður foreldra sem ekki deila lögheimili með barni sínu. Þegar horft er til hópsins í heild, virðist hann ekki vera mjög frábrugðinn fullorðnum á Íslandi, almennt. Á hinn bóginn skal bent á að sumir foreldrar innan hópsins eru í nokkuð bágri stöðu. Það á einkum við um foreldra sem segja hitt foreldið fara með fulla forsjá, og þá sérstaklega foreldra sem segja barn sitt eða börn dvelja innan við sjö daga í mánuði á heimili sínu. Forsjárlausu foreldrarnir eru almennt með lægra menntunarstig en foreldrar sem deila forsjá barns með öðru foreldri og eru einnig líklegri til að búa í leighúsnæði á almennum leigumarkaði eða í félagslegu leiguhúsnæði. Þá leiddu niðurstöður í ljós að tengsl eru á milli andlegrar líðanar og dvalar barns á heimilinu. Foreldrar sem segja barn sitt eða börn dvelja innan við sjö daga í mánuði á heimili sínu búa almennt við lakari andlega heilsu og meta eigin hamingju minni en foreldrar sem eru með barnið í lengri dvöl. Þannig kann lítil umgengni að vera mögulegur áhættuþáttur í líðan foreldra, þó varast beri að fullyrða um orsakasamband.

Önnur mikilvæg niðurstaða er að nokkuð stór hópur foreldra telur sig búa við misrétti. Fjórðungur kvað hitt foreldrið hafa staðið í vegi fyrir umgengni og 38% sögðust hafa upplifað andlegt ofbeldi af hálfu hins foreldrisins. Þegar foreldrar lýstu misréttinu nefndu flestir bágt aðgengi að upplýsingum um barnið og skort á opinberum stuðningi. Lögheimilisskráningin getur bitnað á fjárhag foreldris sem ekki deilir lögheimili með barninu því barnabætur og styrkir vegna barns renna til lögheimilisforeldris þrátt fyrir að foreldrar kunni að deila með sér umönnun barnsins og kostnaði sem því fylgir.

# HEIMILDIR

Hagstofa Íslands. (2023). Talnaefni – Giftingar og skilnaðir. Sótt af: www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/fjolskyldan/giftingarogskilnadir/

Hagstofa Íslands. (2022). Félagsvísar: Lágtekjumörk og skortur á efnislegum gæðum á meðal barna á Íslandi. *Hagtíðindi: Lífskjör*, 12. september 2022. Sótt af: https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/lifskjor/felagsvisar-lagtekjumork-og-skortur-a-efnislegum-gaedum-a-medal-barna-a-island/

Hagstofa Íslands. (2021). Félagsvísar: Sérhefti um fjárhag heimila. *Hagtíðindi*, 18. júní 2021. Sótt af: https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/lifskjor/felagsvisar-serhefti-um-fjarhag-heimila/

Heimir Hilmarsson. (2012). *Framfærsluskyldur foreldra sem ekki búa saman: Opinber stuðningur við barnafjölskyldur*. (BA-ritgerð). Háskóli Íslands, Félagsráðgjafadeild. Sótt af: https://skemman.is/bitstream/1946/11629/1/Framf%c3%a6rsluskyldur%20foreldra%20sem%20ekki%20bua%20saman.pdf